


KJARATÖLFRAEÐI

Vorskýrsla 2024



KJARATÖLFRÆÐI

Vorskýrsla 2024

Kjaratölfræðinefnd

Nefndarmenn:

Hrafnhildur Arnkelsdóttir

formaður

Einar Mar Þórðarson

fjármála- og efnahagsráðuneyti

Helgi Aðalsteinsson

Samband íslenskra sveitarfélaga

Hildur Erna Sigurðardóttir

Hagstofa Íslands

Konráð S. Guðjónsson

forsætisráðuneyti

Oddur S. Jakobsson

Kennarasamband Íslands

Ólafur Garðar Halldórsson

Samtök atvinnulífsins

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

BSRB

Svanhvít Yrsa Árnadóttir

félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Vilhjálmur Hilmarsson

Bandalag háskólamanna

Þórir Gunnarsson

Alþýðusamband Íslands

Arnaldur Sölvi Kristjánsson

Sérfræðingur

Kristín Jóna Þorsteinsdóttir

Umbrot

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1. Efnahagsmál	7
1.1. Samantekt.....	7
1.2. Hagþróun	8
1.3. Verðlag.....	11
1.4. Vextir	14
1.5. Fjármál hins opinbera.....	16
1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni.....	19
1.7. Fjárhagsstaða heimila.....	23
2. Vinnumarkaður	26
2.1 Samantekt.....	26
2.2. Íslenskur vinnumarkaður	27
2.3. Sérkenni íslensks vinnumarkaðar	30
2.4. Þróun vinnumarkaðar	37
3. Laun og launapróun.....	40
3.1. Samantekt.....	40
3.2. Launapróun eftir mörkuðum	42
3.2. Kaupmáttur launa.....	44
3.3. Vægi markaða og heildarsamtaka	45
3.4. Launapróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum	46
3.5. Launastig fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum	47
3.6. Samsetning launa fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum....	50
4. Kjarasamningar	51
4.1. Samantekt.....	51
4.2. Helstu atriði kjarasamninga 2024	51
4.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá	56
5. Laun eftir heildarsamtökum.....	64
5.1. Inngangur.....	64
5.2. ASÍ.....	66
5.3. BHM	66
5.4. BSRB.....	66
5.5. KÍ	66
Viðauki I: Gögn um laun og launapróun	70
Viðauki II: Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka	72

Samantekt skýrslu

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru:

Laun, launapróun og kjarasamningar

- Í síðustu kjarasamningslotu á almennum vinnumarkaði, frá nóvember 2022 til janúar 2024, hækkðu grunnlaun á íslenskum vinnumarkaði að jafnaði um 11,1%.
- Meðalheildarlaun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru 935 þúsund krónur árið 2023. Meðallaun voru hæst hjá ríkinu hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða heildarlauna en launadreifing er meiri á almenna markaðnum en hjá hinu opinbera.
- Í þeim skammtímasamningum sem runnu út á fyrstu mánuðum þessa árs var almennt farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana. Því voru hlutfallshækkarnir meiri hjá hópum þar sem laun eru að meðaltali lægri.
- Að teknu tilliti til verðlagsþróunar jókst kaupmáttur grunntímakaups, sem best endurspeglar umsamdar launahækkarnir í kjarasamningum, um 2,6% í kjarasamningslotunni frá nóvember 2022 til janúar 2024.
- Nýir kjarasamningar voru undirritaðir á almennum vinnumarkaði fyrri hluta marsmánaðar á þessu ári með gildistöku frá 1. febrúar 2024 til janúarloka 2028. Í kjölfarið hækkaði launavísitalan um 2,4%.
- Meginmarkmið nýrra kjarasamninga til næstu fjögurra ára á almennum vinnumarkaði er að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks og skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu.
- Líkt og í síðustu samningum var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana auk sérstakra hækkana launataxta.
- Að auki er í samningum ASÍ félaga og SA kveðið á um að hækkun viðmiðunartaxta verði ekki minni en hækkun launavísitölu og viðbótarhækkarnir ef framleiðni eykst umfram ákveðin mörk. Þá var samið um lengingu orlofs auk ýmissa sértækra þátta fyrir tiltekna hópa.
- Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og efndir á aðgerðum í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin var út í tengslum við samningana. Mat verður lagt á forsendur í september 2025 og 2026.
- Nokkur aðildarfélög BSRB hafa undirritað kjarasamninga við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samningarnir eru til fjögurra ára og á sambærilegum nótum og á almenna markaðnum. Samningar eru enn til kynningar og atkvæðagreiðslu við ritun vorskýrslu kjaratölfræðinefndar.

Efnahags- og vinnumarkaðsmál

- Hægt hefur á umsvifum í hagkerfinu og útlit er fyrir að hagvöxtur verði hóflegur næstu tvö árin.
- Verðbólga hefur reynst þrálátri en minnkaði undanfarið ár. Spár gera ráð fyrir því að verðbólga verði enn um sinn nokkuð yfir verðból gumarkmiði Seðlabanka Íslands.
- Frumjöfnuður var jákvæður um 0,3% í fyrra og útlit fyrir að afkoma breytist lítið í ár. Fjármálaáætlun til næstu fimm ára gerir ráð fyrir bættri afkomu á tímabilinu og að heildarjöfnuður hins opinbera verði orðinn jákvæður undir lok þess.
- Framleiðni vinnuafis jókst mest hér á landi af Norðurlöndunum á síðustu fimm árum eða um 1,5% á ári að meðaltali.
- Launahlutfallið, sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni, hækkaði um 1,2 prósentustig í fyrra en hafði áður lækkað um samtals 2 prósentustig á árunum 2019-2022.
- Kaupmáttur launa jókst um 1% í fyrra en vegna verðhækkana og hárra vaxta dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna saman. Eignastaða heimilanna er heilt yfir sterk og vanskil lág í sögulegu samhengi en mikill munur er á stöðu heimila á eigna- og leigumarkaði. Aukin vaxtabyrði hefur aukið sókn í verðtryggð lán að nýju og að óbreyttu mun vaxtabyrði heimila sem standa frammi fyrir vaxtaendurskoðun óverðtryggðra lána aukast á næstunni.
- Starfandi fólk á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt síðustu ár samhliða auknum hagvexti. Atvinnuleysi er nokkuð stöðugt, eftirspurn eftir fólk er mikil og enn ríkir nokkur spennan á vinnumarkaði þó heldur dragi úr henni.
- Í fyrra störfuðu um 219.000 manns á íslenskum vinnumarkaði. Þar af um 29% hjá hinu opinbera, 40% í þjónustugreinum og 20% í iðnaði og sjávarútvegi. Þrír af hverjum fjórum sem starfa hjá hinu opinbera eru konur en innflytjendur er hlutfallslega fáir. Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem starfa í iðnaði og innflytjendur er hlutfallslega fjölmennir í ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi.
- Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuleysi lágt og atvinnuþátttaka mikil hér á landi. Vinnutími er tiltölulega stuttur, meðallaun eru há og dreifing launa er lítil í alþjóðlegum samanburði hér á landi líkt og á hinum Norðurlöndunum. Stéttarfélagasáild og þekja kjarasamninga er hér ein sú mesta í heimi.

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka. Á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Þessi skýrsla er áttunda skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Sérfræðingur nefndarinnar er Arnaldur Sölvi Kristjánsson. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Að þessu sinni skiptist skýrslan í fimm meginkafla sem fjalla um efnahagsmál, vinnumarkað, launaþróun og launastig sem flokkað er eftir mörkuðum og heildarsamtökum launafólks, kjarasamninga gerða í nýliðinni kjarasamningslotu, auk sérstakrar umfjöllunar um heildarsamtök launafólks eftir mörkuðum. Í skýrslunni er áhersla lögð á nýliðna kjarasamningslotu og miðað við að hún hafi náð til tímabilsins frá nóvember 2022 til janúar 2024. Ítarlegt talnaefni um laun og launaþróun má finna í gagnasafni á vef kjaratölfræðinefndar, <https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>.

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar. Enn fremur er Gísli M. Gíslasyni Hagstofu Íslands þökkuð aðkoma að gerð skýrslu í fjarveru Hildar Ernu Sigurðardóttur. Sérstakar þakkir fær Henný Hinz sem vann að gerð skýrslunnar sem fulltrúi forsætisráðuneytis en Konráð S. Guðjónsson tók hennar sæti í byrjun júní sl.

1. Efnahagsmál

1.1. Samantekt

Hægt hefur á umsvifum í hagkerfinu og útlit er fyrir að hagvöxtur verði hóflegur næstu tvö árin eftir þróttmikinn vöxt síðustu ár sem einkum var drifinn áfram af endurreisn ferðapjónustu. Verðbólga hefur reynst þrálát en minnkaði undanfarið ár sem rekja má bæði til minni hækkana á innfluttum og innlendum vörum ásamt þjónustu en á móti vegur hækkun á húsnæðisverði sem áfram ýtir undir verðbólgu. Dregið hefur úr verðbólguvæntingum en þær eru þó enn umtalsvert umfram 2,5% verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands og spár gera almennt ráð fyrir því að verðbólga verði um sinn nokkuð yfir markmiði.

Frumjöfnuður var jákvæður um 0,3% í fyrra og útlit fyrir að afkoma breytist lítið í ár. Fjármálaáætlun til næstu fimm ára gerir ráð fyrir bættri afkomu á tímabilinu og að heildarjöfnuður hins opinbera verði orðinn jákvæður undir lok þess. Ríkisútgjöld munu aukast í ár og á næstu árum einkum vegna jarðhræringa við Grindavík auk aðgerða stjórnvalda til stuðnings við kjarasamninga. Til að vega upp á móti þessum aðgerðum og styðja við verðstöðugleika eru boðaðar ýmsar aðhaldsaðgerðir.

Nokkrar sveiflur eru að jafnaði í þróun á framleiðni milli ára og voru síðustu ár þar engin undantekning. Yfir tíma er vöxtur framleiðni einn helsti drifkraftur aukins kaupmáttar og lífskjarabata. Á árunum 2019-2023 jókst framleiðni vinnuafls hér á landi að meðaltali um 1,5% á ári sem er mesti framleiðnivöxtur á Norðurlöndunum en talsverður munur er á þróuninni milli atvinnugreina. Framleiðni breyttist um -0,1% til 1,2% að meðaltali á ári á hinum Norðurlöndunum á tímabilinu.

Launahlutfallið, sem endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni, hækkaði um 1,2 prósentustig árið 2023 en hafði áður lækkað um samtals 2 prósentustig á árunum 2018-2022.


Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann dróst saman í fyrra en sé horft til stöðunnar í árslok er breytingin óveruleg frá fyrra ári. Verðhækkanir og háir vextir leiddu til þess að launahækkanir skiluðu heimilum ekki kaupmáttaraukningu. Eiginfjárstaða heimila batnaði á síðustu árum samhliða hækkun fasteignaverðs og hagstæðra vaxtakjara. Aukin vaxtabyrði jók sókn í verðtryggð lán að nýju og að óbreyttu mun vaxtabyrði heimila með óverðtryggð lán, sem tekin voru með á árunum 2020 - 2021 með ákvæðum um endurskoðun vaxta, aukast talsvert á næstunni.

Umfjöllun nefndarinnar tekur almennt mið af upphafsárinu 2019 þar sem það ár markar upphaf síðustu löngu kjaralotu.

1.2. Hagþróun

Verg landsframleiðsla jókst um 4,1% árið 2023 samhliða verulegri fjölgun íbúa og var vöxtur vergrar landsframleiðslu á mann því einungis um 1,5%. Það er umtalsverð breyting frá árinu áður þegar hagvöxtur var 8,9% samkvæmt endurskoðuðum tölum Hagstofunnar og hagvöxtur á mann reyndist 6,4%, sem er mesti vöxtur þjóðarbúsins í hálfra öld. Hraður vöxtur hagkerfisins undanfarin ár hefur leitt til þess að þrátt fyrir rúmlega 8% samdrátt vergrar landsframleiðslu á mann í kjölfar heimsfaraldurs árið 2020 er landsframleiðsla á mann nú um 3% meiri en árið 2019.

Mynd 1.1. Verg landsframleiðsla og verg landsframleiðsla á mann, vísitölur (2019=100) (vinstri). Magnbreyting frá fyrra ári ásamt spá Hagstofu Íslands fyrir 2024-2028 (hægri).



Skýringar: Hagvöxtur árunna 2024-2028 byggir á spá Hagstofu Íslands. Heimild: Hagstofa Íslands.

Ýmsar vísbendingar eru um að hægt hafi á umsvifum í hagkerfinu. Þannig var kortavelta Íslendinga á föstu verðlagi óbreytt í ársbyrjun 2024 samanborið við sama tíma árið áður og nýskráningum einkabifreiða fækkaði. Væntingar stjórnenda stærstu 400 fyrirtækja og væntingar heimila þróuðust með nokkuð svipuðum hætti undanfarin misseri, heldur dró úr væntingum árið 2022, þær héldust nokkuð stöðugar árið 2023 og bötnuðu síðan lítillega að nýju á undanförunum mánuðum. Nokkur samdráttur var í vergri landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi í ár. Þó það megi helst rekja til loðnubrests, þá stóð einkaneysla í stað samanborið við árið áður og framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var neikvætt.

Spár gera nú almennt ráð fyrir hóflegri vexti hagkerfisins næstu ár. Samkvæmt nýlegri spá Hagstofu Íslands verður hagvöxtur 1,5% árið 2024 og 3,0% árið 2025 en Seðlabanki Íslands spár nokkuð minni vexti á tímabilinu.


Mynd 1.2. Væntingavísitala Gallup, hlaupandi fjögurra mánaða meðaltal, 2014-2024.



Skýringar: Þegar væntingavísitala Gallup er yfir 100 eru fleiri jákvæðir og ef hún er lægri eru fleiri neikvæðir. Væntingavísitala Gallup byggir á mati einstaklinga á núverandi efnahagsaðstæðum, væntingum til efnahagslífsins eftir 6 mánuði, mati á núverandi ástandi í atvinnumálum, væntingum til ástands í atvinnumálum og til heildartekna eftir 6 mánuði. Heimild: Gallup

Hagvöxtur hér á landi hefur verið nokkuð meiri en á Norðurlöndunum og á evrusvæðinu síðustu ár en áhrifa heimsfaraldurs á landsframleiðslu gætti í meira mæli hér á landi vegna vægi ferðaþjónustunnar og dróst landsframleiðsla því meira saman hér árið 2020 en í nágrannalöndunum. Þegar tekið er tillit til þróunar mannfjöldans er minni munur á þróun landsframleiðslu milli landa á síðustu árum. Verg landsframleiðsla á mann hefur vaxið með svipuðum hætti hér á landi, í Noregi, í Svíþjóð og á evrusvæðinu en vöxturinn verið heldur meiri í Danmörku og Svíþjóð frá árinu 2019.

Mynd 1.3. Alþjóðlegur samanburður á þróun landsframleiðslu (vinstri) og




landsframleiðslu á mann (hægri), vísitölur (1990=100).

Heimild: Eurostat.

Miklar sveiflur í efnahagslífi hérlendis síðustu ár má að miklu leyti rekja til áhrifa heimsfaraldursins, ekki síst á ferðapjónustu sem dróst hratt saman á árinu 2020 en tók kröftuglega við sér að ný að afloknum faraldri. Einkaneysla var einn megin drifkraftur hagvaxtar á árunum 2021 og 2022. Þann vöxt má að hluta rekja til aukins mannfjölda, einkum vegna fjölgunar innflytjenda, aukins kaupmáttar heimila árin 2020-2021 og uppsafnaðs sparnaðar hjá heimilum á tímabili heimsfaraldurs. Verulega hægði á vexti einkaneyslu á árinu 2023 sem jókst þá um 0,5% samanborið við 8,3% vöxt árið áður. Hagvöxtur ársins 2023 var að mestu borinn upp af utanríkisviðskiptum líkt og sjá má á mynd 1.4 sem sýnir framlag undirliða landsframleiðslunnar til hagvaxtar. Af 4,1% hagvexti ársins 2023 má rekja 2,9 prósentustig til utanríkisviðskipta. Það þýðir að um 70% af hagvextinum á uppruna sinn í utanríkisviðskiptum en framlag samneyslu var 0,6 prósentustig og einkaneyslu einungis 0,2 prósentustig.

Þegar horft er til framlags einstakra atvinnugreina til hagvaxtar síðustu ár, má á mynd 1.4. sjá að framlag ferðapjónustunnar og tengdra greina var 4,4 prósentustig árið 2022 og 1,5 prósentustig árið 2023. Framlag ferðapjónustunnar og tengdra atvinnugreina var því um helmingur af hagvexti þessara tveggja ára, á meðan framlag greinarinnar er um 15% af hagkerfinu.¹

Mynd 1.4. Hagvöxtur og framlag undirliða, vöxtur vergrar landsframleiðslu samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri (vinstri) og vöxtur vergra þáttatekna samkvæmt framleiðsluuppgjöri (hægri).




Skýringar: Framlag undirliða leggst saman þannig að summa undirliða er jöfn hagvexti. Skýring á atvinnugreinaflokkun: lónaður og byggingarstarfsemi: B til F (fyrir utan fiskvinnslu). Þjónusta án ferðapjónustu: J+K+L+M+S95. Ferðapjónusta: H+I+N. Heild og smásöluverslun: G. Sjávarútvegur: A03+Fiskvinnsla. Annað (ekki sýnt á mynd): A (fyrir utan A03)+R+S(fyrir utan S95)+T+U+O+P+Q. Heimild: Hagstofa Íslands.

Ferðapjónustan er sveiflukennd atvinnugrein og birtist það meðal annars í sveiflum í fjölda ferðamanna, dvalartíma og neyslu ferðamanna á meðan á dvöl stendur. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til landsins og fjöldi gistinátta síðustu tólf mánuði er heldur meiri en á árinu 2019.

¹ Hér er byggt á víðari skilgreiningu á ferðapjónustu en skilgreiningu Hagstofunnar á einkennandi greinum ferðapjónustu. Miðað er við eftirfarandi atvinnugreinar: flutningur og geymsla (H), rekstur gististaða og veitingarekstur (I), og leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (N).

Mynd 1.5. *Brottfarir erlendra farþega og gistinætur, 12 mánaða uppsafnaður fjöldi einstaklinga og gistinátta í milljónum.*




Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa.

1.3. Verðlag

Verðbólga hefur undanfarin misseri verið sú mesta frá því á árunum eftir efnahagshrun og fór ársverðbólga hæst í 10,2% í febrúar 2023 en hefur síðan farið minnkandi og mældist 6,2% í maí 2024. Hjöðnun verðbólgu má skýra með því að dregið hefur úr hækkunum á innfluttum vörum, þar með talið bensíni sem og innlendum vörum og almennri þjónustu. Einnig hefur dregið úr hækkunum á íbúðaverði en framlag húsnæðisliðar hefur þó áfram verið töluvert.

Spár gera ráð fyrir að verðbólga fari áfram minnkandi samhliða minni verðbólgu í helstu viðskiptalöndum, minni hagvexti og minni óvissu vegna nýgerðra kjarasamninga, en verðbólga verði þó enn nokkuð yfir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans. Hagstofa Íslands spáir því að verðlag hækki að meðaltali um 5,2% árið 2024 og 3,2% árið 2025 en Seðlabanki Íslands spáir heldur meiri verðbólgu. Verðbólga mun ekki ná verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands fyrr en á árinu 2026 miðað við þessar spár.


Mynd 1.6. *Ársvöxtur vísitölu neysluverðs með og án húsnæðisverðs árin 2019-2023 (vinstri), og framlag undirlíða til verðbólgu (hægri).*



Heimild: Hagstofa Íslands.

Verðbólga jókst víðast hvar þegar efnahagssumsvif tóku við sér á ný í kjölfar heimsfaraldurs auk þess sem stríðsátök brutust út í Evrópu á árinu 2022 og við botn Miðjarðarhafsins síðla árs 2023, sjá mynd 1.7. Verðbólga jókst hægar hér á landi en í mörgum helstu viðskiptalöndum á árinu 2022 einkum vegna minni áhrifa orkuverðs, en hefur reynst viðvarandi og er nú meiri en á hinum Norðurlöndunum og evrusvæðinu.

Mynd 1.7. *Alþjóðlegur samanburður á verðbólgu mælt með samræmdri vísitölu neysluverðs.*



Heimild: Eurostat

Húsnæðisverð hækkaði verulega á undanförunum árum og náði árshækkun húsnæðisverðs hámarki í júlí 2022, þegar hún var 24,5%. Síðan dró úr hækkun húsnæðisverðs og í júlí 2023 nam árshækkunin húsnæðis 0,8% og var raunverð þá 6,3% lægra en árið áður. Húsnæðisverð tók svo að hækka á ný en raunverð húsnæðis í febrúar 2024 var enn lítillega lægra en á sama tíma árið áður. Húsnæðisverð á landsbyggðinni hækkaði hraðar en á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu mánuðum ársins 2024. Í hlutfalli við laun, byggingarkostnað og leiguverð lækkaði fasteignaverð frá miðju ári 2022.²

Á Norðurlöndunum lækkaði raunverð húsnæðis töluvert meira en hér á landi á árunum 2022 og 2023. Til dæmis var raunverðið í Svíþjóð á fyrsta ársfjórðungi 2023 um 20% lægra en árið áður.

Umsvif á húsnæðismarkaði minnkuðu nokkuð á árinu 2022 og fram á mitt ár 2023 þegar markaðurinn tók við sér að nýju og kaupsamningum fjölgaði á ný. Kaupsamningar eru þó enn jafnan færri en í heimsfaraldrinum.

Nýjum fullbúnum íbúðum á landinu öllu fjölgaði að meðaltali um 3.300 á ári á tímabilinu 2019-2023 sem er nokkuð meira en nemur meðalfjölgun frá árinu 2006. Samkvæmt mati Seðlabanka Íslands mun fullbúnum íbúðum fjölga um 2.900 á árinu 2024. Þrátt fyrir mikla fjölgun nýrra íbúða í sögulegu samhengi dugar það ekki til að mæta íbúðapörf samkvæmt mati Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


² Sjá Fjármálastöðugleiki 2024/1.

sem telur að árlega þurfi 4.000 nýjar íbúðir að koma inn á markaðinn fram til ársins 2032.³

Upplýsingar um byggingamarkaðinn gefa til kynna mikil umsvif í greininni. Samkvæmt þjóðhagsreikningum jókst framleiðsla í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð umfram framleiðslu í hagkerfinu öllu á árunum 2022 og 2023 og vinnustundum fjölgaði einnig hlutfallslega meira en í öðrum greinum. Þá er hlutfall lausra starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hærra en í flestum öðrum atvinnugreinum á vinnumarkaði.

Árin 2022 og 2023 hækkaði leiguverð um rúmlega 8% bæði árin en leiðrétt fyrir almennum verðhækkunum stóð leiguverð í stað að raunvirði árið 2022 og lækkaði um 0,3% árið 2023. Vísitala leiguverðs byggir á þinglýstum leigusamningum og ber að hafa í huga að einungis hluta leigusamninga er þinglýst.

Mynd 1.8. *Árshækkun húsnæðis- og leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu, janúar 2019 - febrúar 2024 (vinstri) Árshækkun á raunverði húsnæðis, 1. ársfjórðungur 2019 - 1. ársfjórðungur 2023 (hægri).*



Skýringar: Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu miðast við eldri vísitölu HMS til janúar 2024 en hætt hefur verið við að uppfæra hana. Árshækkun í febrúar 2024 miðar við nýja vísitölu sem er fyrir allt landið og gæðaleiðrétt miðað við fasteignamat. Hætt var að uppfæra vísitölu leiguverðs í desember 2023. Ný vísitala leiguverðs er frá maí 2023 - mars 2024 og því ekki hægt að reikna árshækkun. Heimildir: Hagstofa Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Seðlabanki Íslands.

Húsnæðisliður í vísitölu neysluverðs

Hagstofa Íslands tekur í júní 2024 upp nýja aðferðafræði við mat á reiknaðri húsaleigu í vísitölu neysluverðs.⁴ Breytingin á sér talsverðan aðdraganda og má meðal annars rekja til ábendinga nefndar sem forsætisráðherra skipaði í kjölfar kjarasamninga á árinu 2019 til að skoða aðferðafræði við útreikning á vísitölu neysluverðs. Hagstofan lagði í kjölfarið mat á ábendingar nefndarinnar varðandi mögulega breytingu á aðferðafræði við útreikning á reiknaðri húsaleigu.

³ Þetta byggir á tölurverðri fólksfjöldun og minnkandi fjölskyldustærð næstu árin, sjá skýrslu Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun mat á íbúðaþörf.

⁴ Greinargerð Hagstofunnar má sjá hér.

Skoðun Hagstofunnar leiddi í ljós að aðferð einfalds notendakostnaðar sem notuð hefur verið til að meta reiknaða húsaleigu reyndist í grundvallaratriðum vel þegar litið er til lengri tíma þróunar. Til skamms tíma koma hins vegar fram frávik sem yfirleitt má rekja til þróunar á fjármálamarkaði og hafa veruleg áhrif á reiknuðu húsaleiguna. Það er mat Hagstofunnar að þessi frávik séu of mikil til þess að hægt sé að réttlæta óbreytta aðferð.

Þá bendir Hagstofan á að ítarleg gögn um leigumarkaðinn geri það að verkum að hægt er að byggja líkan fyrir reiknaða húsaleigu á þann hátt að það nái til alls íbúðarhúsnæðis sem er í eigin notkun. Með slíku líkani má meta verðbreytingu á reiknaðri húsaleigu þannig að samræmi sé tryggt milli verðþróunar á leigumarkaði og notkunar eigin húsnæðis, óháð skammtímasveiflum á fjármálamarkaði.

1.4. Vextir

Stýrivextir hafa verið óbreyttir, 9,25% síðan í ágúst 2023 eftir að hafa hækkað jafnt og þétt um samtals 8,5 prósentustig frá því í maí 2021. Í síðustu yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabankans frá því í maí 2024 kemur fram að nefndin telji auknar líkur á því að vaxtastigið sé hæfilegt til þess að verðbólga minnki. Við næstu ákvörðun vaxta, sem verður 21. ágúst, mun peningastefnunefndin líta til þróunar efnahagssumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga. Í yfirlýsingunni kemur fram að hægt hafi á vexti en spennan í þjóðarbúinu sé þó meiri en áður var talin. Einnig kemur fram að áhrif kjarasamninga og aðgerðir í ríkisfjármálum á eftirspurn séu ekki komin fram að fullu auk þess sem spennan sé enn til staðar á vinnumarkaði þó hægt hafi á. Það gæti leitt til enn frekari launahækkana og aukinnar verðbólgu.


Væntingar markaðarins, eins og þær birtast í framvirkum vöxtum, gefa til kynna að stýrivextir hafi náð hámarki og muni lækka á næstunni. Samkvæmt framvirkum vöxtum á fjármálamarkaði í maí verða stýrivextir 8,7% í árslok 2024 og 7,6% í árslok 2025. Þetta er minni lækkun en vænta mátti út frá framvirkum vöxtum fyrr á árinu.

Verðbólguvæntingar hafa heldur lækkað frá ársbyrjun 2023. Á þeim tíma dró úr verðbólguvæntingum heimila, sérstaklega til skamms tíma, meðan þær breyttust lítið hjá fyrirtækjum en hækkuðu lítillega hjá markaðsaðilum.⁵ Annar mælikvarði á verðbólguvæntingar er mismunur á óverðtryggðum og verðtryggðum vöxtum á skuldabréfamarkaði, svokallað verðbólguálag. Samanborið við ársbyrjun 2023 er verðbólguálagið nú lægra. Mest lækkaði álagið til skemmri tíma, minna til lengri tíma. Verðbólguvæntingar eru yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands bæði til skamms og lengri tíma en peningastefnunefnd fylgist grannt með verðbólguvæntingum við vaxtaákvarðanir þar sem væntingar geta haft áhrif á þróun verðbólgu.

⁵ Þessar upplýsingar byggja á könnunum Gallup og Seðlabanka Íslands.

Langtímavextir hafi hækkað minna en stýrivextir. Ávöxtunarkrafa 5-10 ára óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði um rúmlega 5 prósentustig frá miðju ári 2020, þegar vextir voru í lágmarki, fram á síðari hluta árs 2023. Síðan hefur ávöxtunarkrafan lækkað um tæpt prósentustig. Vextir íbúðalána hækkuðu einnig samhliða hækkun stýrivaxta þó heldur minna en stýrivextir.

Mynd 1.9. *Stýrivextir ásamt framvirkum vöxtum í febrúar og maí 2024*




Skýringar: Framvirkir vextir miðað við vexti á peningamarkaði og ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa. Heimild: Seðlabanki Íslands.

Stýrivextir leiðréttir fyrir verðbólgu, raunstýrivextir, voru neikvæðir hér á landi árin 2021 og 2022 líkt og hjá seðlabönkum helstu viðskiptalanda Íslands. Við neikvæða raunstýrivexti er verðbólga hærri en stýrivextir.⁶ Raunstýrivextir eru alla jafna taldir betri mælikvarði en nafnvextir á það hvort peningastefnan hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á verðbólgu. Sambland af háum stýrivöxtum og hjöðnun verðbólgu á árinu 2023 leiddi víða til hækkunar raunstýrivaxta en hér á landi hafa raunvextir einkum hækkað vegna hárri vaxta. Í Bandaríkjunum eru stýrivextir nú 5,5% en 9,25% á Íslandi en þar sem verðbólga á Íslandi er mun meiri en í Bandaríkjunum eru raunstýrivextir í kringum 2,5% bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum.

⁶ Hægt er að meta raunvexti á fleiri vegu en að miða við liðna verðbólgu. Aðrir mælikvarðar miða við væntingar á verðbólgu. Á þann mælikvarða eru raunstýrivextir á Íslandi hærri, eða á bilinu 3,0% - 4,6%.

Mynd 1.10. Alþjóðlegur samanburður á stýrivöxtum (vinstri) og raunstýrivöxtum að teknu tilliti til liðinnar verðbólgu (hægri).



Heimild: Seðlabanki Íslands.

1.5. Fjármál hins opinbera

Afkoma hins opinbera batnaði á árinu 2023 og útlit er fyrir að hún breytist lítið í ár. Heildartekjur að frádregnum heildarútgjöldum að undanskildum vaxtatekjum og vaxtagjöldum, svokallaður frumjöfnuður, var 0,3% árið 2023, en neikvæður um 1,0% árið áður. Sú þróun skýrist bæði af bættu efnahagsástandi og auknu aðhaldi í opinberum fjármálum.⁷ Útlit er fyrir að frumjöfnuður breytist lítið árið 2024, þar sem áhrif af auknu aðhaldi og versnandi efnahagsástandi virðast veða upp á móti hvert öðru.

Aðhald opinberra fjármála jókst árið 2023 og mun áfram aukast á þessu ári. Ríkisútgjöld aukast einkum vegna jarðhræringa við Grindavík og vegna aðgerða stjórnvalda til að styðja við kjarasamninga. Samkvæmt fjármálaáætlun 2025-2029 verða fjárframlög ríkissjóðs vegna jarðhræringanna eru háð framvindu, en áætlað er að þau verði um nær 70 milljörðum króna. Þyngst veða aukin útgjöld vegna uppkaupa á íbúðarhúsnæði í Grindavík, eða um 45 milljarðar króna. Aðgerðir stjórnvalda til stuðnings við kjarasamninga nema 13-23 milljörðum króna á ári á tímabilinu 2024-2028, eða samtals 83 milljörðum króna.⁸


Til að veða upp á móti þessum aðgerðum eru ýmsar aðhaldsaðgerðir boðaðar í fjármálaáætluninni sem draga eiga úr ríkisútgjöldum um 17 milljarða króna á árinu 2025 frá því sem áður var ráðgert, þar af 10 milljarðar króna varanleg útgjaldalækkun. Munar þar mestu um frestun á gildistöku nýs örorkulífeyriskerfis, endurskoðun á vaxtabótakerfinu og breytingar á fyrirkomulagi endurgreiðslna til kvikmyndagerðar, auk ýmissa hagræðingaraðgerða. Að mati Seðlabanka Íslands

⁷ Með auknu aðhaldi er átt við breytingar sem bæta afkomu hins opinbera, hvort sem það er á útgjalda- eða tekjuhlíð.

⁸ Samkvæmt fjármálaáætlun 2025-2029. Í 4. kafla er fjallað er um yfirlýsingu stjórnvalda sem gefin var út í tengslum kjarasamninga í.

verða heildaráhrif aðgerða vegna kjarasamninga og boðaðra mótvægisáðgerða þau að stýrivextir verði um 0,1 prósentustigi hærrí en ella árið 2026. Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er aðhaldið í ár og á næstu árum viðeigandi, en talið líklegt að frekari aðgerða sé þörf til að ná því aðhaldi sem stefnt er að.⁹

Mynd 1.11. *Afkoma hins opinbera (% af VLF), 2019-2028 (vinstri) og skuldir hins opinbera (% af VLF), 2019-2028 (hægri).*



Skýringar: Heildarjöfnuður er heildartekjur að frádregnum heildargjöldum. Frumjöfnuður er afkoma hins opinbera fyrir vaxtatekjur- og gjöld. Miðað er við afkomu A1-hluta hins opinbera. VLF er verg landsframleiðsla. Heimild: Fjármálaáætlun 2025-2029.

Stefnt er að því að bæta afkomu ríkissjóðs jafnt og þétt á árunum 2025-2029 og að heildarjöfnuður hins opinbera verði orðinn jákvæður undir lok tímabilsins. Þar skipta mestu ráðstafanir sem bæta afkomu sem hafa enn ekki verið útfærðar og auknar tekjur til að mynda af ökutækjum og eldsneyti. Auknar tekjur vegna skattkerfisbreytinga nema samanlagt 0,5% af vergri landsframleiðslu árið 2025 og hækka í 0,7% árið 2029. Þrátt fyrir að Fjármálaráð fagni áformum um aðhald á útgjaldahlið á næstu árum, telur ráðið í álitinu um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 að sú vegferð hefði átt að hefjast fyrr og að hluti afkomubatans byggi á óútfærðum ráðstöfunum sem sé ógagnsætt og dragi úr trúverðugleika. Í álitinu kemur einnig fram að hluta af afkomubata næstu ára megi rekja til breyttrar aðferðarfræði við afskriftir skattakrafna sem leiðir til aukningar á reiknuðum skatttekjum án þess að afkoman batni í reynd.

Bætt afkoma næstu ára ásamt eignasölu á árinu 2028 mun, samkvæmt fjármálaáætlun, gera það að verkum að skuldir hins opinbera¹⁰ sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, svokallað skuldahlutfall, lækki um samtals 1,2 prósentustig á tímabilinu 2027-2029.

⁹ Álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins má finna hér.

¹⁰ Skuldir miðað við skuldareglu laga um opinber fjármál.

Fjármálareglur

Lögum opinber fjármál kveða á um tölulegar fjármálareglur sem varða afkomu, skuldahlutfall og skuldapróun hins opinbera. Í upphafi heimsfaraldurs á árinu 2020 var fjármálareglum um afkomu og skuldahlutfall tímabundið vikið til hliðar með breytingum á samþykktri fjármálastefnu en mörg önnur ríki gripu til sambærilegra ráðstafana við þær sérstöku aðstæður sem þá voru uppi vegna heimsfaraldurs. Samkvæmt framlagðri fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 taka reglurnar gildi að nýju 2026.

Samhliða útgáfu fjármálaáætlunarinnar var lögð fram umræðuskýrsla um fjármálareglur, þar sem fjallað er um kosti og galla núverandi fjármálareglna og hvort þær þjóni markmiði sínu. Skýrslunni er ætlað að vera grundvöllur að umræðu og ákvörðunum um framtíð fjármálareglna hér á landi. Kostir núverandi fjármálareglna eru að þær stuðla að sjálfbærni opinberra skulda og eru auðskiljanlegar, en einnig að þær beinast að stærðum sem stjórnvöld hafa bein áhrif á. Helsti galli þeirra er hins vegar að reglurnar stuðla ekki nægilega að efnahagslegum stöðugleika, sérstaklega í uppsveiflu. Líkt og fram kemur í skýrslunni, virðast opinber fjármál milda niðursveiflur, en magna uppsveiflur með því að verja auknum hagsveiflutengdum tekjum í varanleg útgjöld sem getur svo leitt til þess að farið sé í aðhaldsaðgerðir í niðursveiflu.

Afkoma sveitarfélaga versnaði nokkuð í kjölfar heimsfaraldurs en hefur farið batnandi síðustu ár. Það má einkum sjá af því að veltufé frá rekstri sem var 3,7% árið 2022 er áætlað að hafi verið 5,8% árið 2023 og verði 7,3% í ár. Almennt er talið er að sveitarfélög þurfi veltufé sem nemur um 9% af tekjum til að rekstur þeirra teljist sjálfbær.¹¹ Rekstrarafgangur, mismunur tekna og útgjalda sveitarfélaga, var neikvæður um sem nemur 4,6% af tekjum árið 2022 og gerðu áætlanir ráð fyrir að rekstrarafgangur yrði neikvæður um 1,2% árið 2023 og um 0,9% árið 2024. Samhliða þeirri þróun hafa skuldir sveitarfélaga sem hlutfall af tekjum þeirra aukist úr 104% árið 2019 í 112% árið 2024.¹²

1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni

Framleiðnivöxtur, vöxtur framleiðslu á vinnustund, er helsti drifkraftur aukins kaupmáttar og lífskjarabata til lengri tíma litið. Mikil hækkun launakostnaðar til lengri tíma umfram önnur ríki og umfram framleiðnivöxt þjóðarbúsins mun að öðru jöfnu stuðla að hærri verðbólgu og lakari samkeppnisstöðu íslenskra

¹¹ Með sjálfbærni er átt við að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Veltufé frá rekstri sýnir hvaða fjármunir eru til staðar til greiðslu afborgana og lána og til fjárfestinga eftir að reikningar vegna daglegs rekstrar hafa verið greiddir


¹² Miðað er við A-hluta sveitarfélaga.

útflutningsatvinnuvega. Framleiðni og framleiðnivöxtur er mismunandi á milli atvinnugreina. Á heildina litið jókst framleiðni vinnuafls um 1,4% á árinu 2022 en hélst óbreytt árið eftir. Nokkrar sveiflur eru að jafnaði í þróun á framleiðni milli ára en sé horft á tímabilið 2019-2023 jókst framleiðni að meðaltali um 1,5% á ári.

Töluverður munur er á vexti framleiðni á milli atvinnugreina. Framleiðni dróst saman um 0,3% á árinu 2023 sé hið opinbera undanskilið. Á tímabilinu 2019-2022 jókst framleiðni á þann mælikvarða um 2,3% á ári að meðaltali. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila. Í þjónustugreinum öðrum en ferðaþjónustu, iðnað- og byggingarstarfsemi dróst framleiðni saman á tímabilinu 2021 - 2023 en í ferðaþjónustu, heild- og smásöluverslun, sem og fiskveiðum og fiskeldi, jókst framleiðni á sama tímabili.

Heildarfjöldi vinnustunda jókst hlutfallslega meira í atvinnugreinum með minni framleiðni, t.d. greinum tengdum ferðaþjónustu sem að öðru óbreyttu dregur úr framleiðnivexti þjóðarbúsins í heild.

Mynd 1.12. *Framleiðnivöxtur, breyting þáttatekna á föstu verðlagi á vinnustund milli ára, eftir atvinnugrein (vinstri), alþjóðlegur samanburður á framleiðnivexti, breyting á hægrri landsframleiðslu á föstu verðlagi á vinnustund milli ára (hægri).*



Skýringar: Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þó er hluti atvinnurekstrar í þessum greinum á höndum einkaaðila. Skýring á atvinnugreinaflokkun: Þjónusta án ferðaþjónustu: J+K+M+S95. Iðnaður og byggingarstarfsemi: B til F. Ferðaþjónusta: H+I+N. Heild og smásöluverslun: G. Sjávarútvegur: A03. Annað (ekki sýnt á mynd): A(fyrir utan A03)+R+S(fyrir utan S95)+T+U+O+P+Q. Hið opinbera er skilgreint sem opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat.


Í samanburði við hin Norðurlöndin var vöxtur framleiðni á tímabilinu 2019-2023 mestur hér á landi, heldur minni vöxtur var í Svíþjóð en umtalsvert minni í Noregi, Danmörku og Finnlandi.

Hlutfall launa og launatengdra gjalda af vergum þáttatekjum, launahlutfallið, var 60,6% árið 2023 og hækkaði um 1,2 prósentustig á milli ára. Launahlutfallið endurspeglar hlutdeild launafólks í verðmætasköpuninni. Á tímabilinu 2019-2022 lækkaði launahlutfallið um tæplega 2 prósentustig. Launahlutfallið hækkaði í flestum atvinnugreinum árið 2023, mest í þeim greinum sem tengjast ferðaþjónustu en launahlutfallið lækkaði í heildsölu, smásöluverslun og sjávarútvegi sama ár. Sé horft á allt tímabilið frá 2019-2023 lækkaði launahlutfallið í öllum atvinnugreinum, en mest í iðnaði sem skýrist m.a. af hækkanði álverði á alþjóðamörkuðum, í byggingarstarfsemi og í heild- og smásöluverslun.


Raungengi á mælikvarða launa er mælikvarði á samkeppnishæfni sem mælir þróun hlutfallslegs launakostnaðar á framleidda einingu miðað við önnur lönd í sameiginlegum gjaldmiðli. Mælikvarðinn gefur til kynna hvort laun fari hækkanði eða lækkanði í samanburði við önnur lönd að teknu tillit til breytinga á gengi gjaldmiðla.

Hlutfallslegur launakostnaður á Íslandi samanborið við helstu viðskiptalönd hefur sveiflast nokkuð síðustu ár en heilt yfir hækkað frá árslokum 2020. Á móti vegur sú staðreynd að gengi krónunnar hefur veikst. Þegar gengi krónunnar veikist lækka hlutfallsleg laun mæld í erlendum gjaldmiðlum og þar með lækkar raungengið. Sé horft til síðust tveggja ára lækkaði raungengi á mælikvarða launa frá fyrri hluta árs 2022 fram á fyrri hluta árs 2023 en fór hækkanði á síðari hluta ársins. Þessar sveiflur má að mestu rekja til breytinga á hlutfallslegum launakostnaði en að litlu leyti til gengisbreytinga.

Mynd 1.13. *Launahlutfall, hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum (vinstri), raungengi og hlutfallslegur launakostnaður á framleidda einingu, hagkerfið alls (hægri).*



Skýringar: Raungengi miðað við hlutfallsleg laun. Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Mynd 1.14. *Launahlutfall eftir atvinnugrein árin 2019–2023.*


Skýringar: Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er þó á höndum einkaaðila. Skýring á atvinnugreinaflokkun: Þjónusta án ferðaþjónustu: J+K+M+S95. Iðnaður og byggingarstarfsemi: B til F (fyrir utan fiskvinnslu). Ferðaþjónusta: H+I+N. Heild og smásöluverslun: G. Sjávarútvegur: A03+Fiskvinnsla. Annað (ekki sýnt á mynd): A(fyrir utan A03)+R+S(fyrir utan S95)+T+U+O+P+Q. Heimild: Hagstofa Íslands.

Árið 2023 var launakostnaður á unna stund hæstur á Íslandi af Norðurlöndunum, mældur í samræmdum gjaldmiðli en sé horft til áranna 2018-2023 raða Danmörk, Noregur og Ísland sér í efstu þrjú sætin.¹³

Árleg hækkun launakostnaðar á unna stund, mæld í heimagjaldmiðli, var hæst hér á landi af Norðurlöndunum undanfarin ár. Á árunum 2019-2023 hækkaði tímakaup að meðaltali um 6,7% á ári hér á landi samanborið við 2,7% - 4,3% á hinum Norðurlöndunum. Breyting á launakostnaði í sameiginlegum gjaldmiðli er mælikvarði á samkeppnishæfni hagkerfa. Á árum 2019-2023 veiktist gengi krónunnar, einkum á árinu 2020 í kjölfar heimsfaraldursins. Engu að síður voru launahækkningar hér á landi í sameiginlegum gjaldmiðli meiri á umræddu tímabili samanborið við hin Norðurlöndin. Þegar launahækkningar eru mældar í bandaríkjadöllum, eru árlegar launahækkningar á hinum Norðurlöndunum minni, sem skýrist einkum af styrkingu bandaríkjadals árið 2022.

¹³ Þegar launakostnaður á unna stund er mældur út frá launarannsókn er launakostnaður hæstur í Noregur á tímabilinu 2018-2023. Sá mælikvarði undanskilur atvinnugreinar þar sem hið opinbera er einkennandi og tekur einungis tillit til fyrirtækja með 10 eða fleira starfsfólk.


Mynd 1.15. Meðallaunakostnaður á unna stund í evrum (vinstri), og árleg hækkun á meðallaunakostnaði á vinnustund í heimagjaldmiðli, bandaríkjadöllum og evrum 2019-2023 (hægri).



Heimild: Eurostat.

Viðskiptakjör, þ.e. hlutfall útflutningsverðs og innflutningsverðs, sveifluðust töluvert gegnum heimsfaraldurinn. Batnandi viðskiptakjör mátti rekja til hratt hækkandi verðs á útflutningi sem skýrist að stórum hluta af breytingum á álverði, m.a. vegna óvissu um framboð í kjölfar innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Versnandi viðskiptakjör eftir mitt ár 2022 má einkum rekja til hækkandi innflutningsverðs vegna hækkandi heimsmarkaðsverði fremur en til gengisbreytinga. Árið 2023 bötnuðu viðskiptakjör að nýju en versnuðu svo í lok ársins, einkum vegna hækkunar á verði annars vöruinnflutnings og lækkunar á verði sjávarafurða.

Mynd 1.16. Vísitala viðskiptakjara, innflutningsverð og útflutningsverð, 2019-2023 (1. ársfjórðungur 2019=100).




1.7. Fjárhagsstaða heimila

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann, á mælikvarða þjóðhagsreikninga, hélst óbreyttur árið 2022 en lækkaði um 1,7% árið 2023. Lækkunin er þó óveruleg sé litið til árshækkunar í árslok 2023. Þrátt fyrir að laun á mann hafi hækkað um 8,3%

samkvæmt tekjuskiptingaruppgjöri ársins 2023 leiddu verðhækkanir og hækkanir á vaxtagjöldum heimila til þess að kaupmáttur dróst saman. Ráðstöfunartekjur heimila eru allar tekjur (laun, eignatekjur, lífeyrir o.fl.) að frádregnum gjöldum (vaxtagjöld, skattar o.fl.). Þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna skýrist því af fleiri þáttum en launaþróun en sé eingöngu horft til þróunar launa og verðlags jókst kaupmáttur launa um 1,0% árið 2023. Aðrir þættir s.s. háir vextir vögu á móti og leiddu til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnkaði heilt yfir.

Mynd 1.17. *Breyting á milli ára á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann og kaupmætti launavísitölu, 2014-2024 (vinstri) og skuldir heimila sem % af eignum og ráðstöfunartekjum, 2014-2022 (hægri).*



Skýringar: *2024: fyrstu fjóra mánuðir ársins. Heimild: Hagstofa Íslands.


Eignastaða heimilanna er heilt yfir sterk. Á árunum 2020-2022 jukust eignir og tekjur heimilanna hlutfallslega umfram skuldir, sjá mynd 1.17. Sú þróun hélt áfram árið 2023 þegar raunvirði fasteigna jókst og skulda minnkaði. Skuldir heimilanna í hlutfalli við landsframleiðslu lækkuðu á milli árunna 2021 og 2023 og eru sögulega lágar sé horft til síðustu áratuga. Hlutfall heimila í vanskilum hjá stóru viðskiptabönkunum jókst lítillega á árinu 2023 en var í lok ársins nokkuð lægra en árin 2018-2019 og áfram lágt í sögulegu tilliti.

Samhliða hækkandi stýrivöxtum hækkðu óverðtryggðir vextir íbúðalána. Lægstir voru breytilegir óverðtryggðir vextir á fyrri hluta árs 2021, þegar þeir voru tæplega 3,5% hjá viðskiptabönkunum en samsvarandi vextir eru nú á bilinu 10% - 11%. Verðtryggðir vextir breyttust minna á sama tímabili. Vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hækkðu vegna þessa úr 4% á seinni hluta 2021 í 6% á seinni hluta 2023 og er nú svipað og það var á árunum 2018-2019.

Rúmlega helmingur óverðtryggðra lána er á föstum vöxtum í tiltekinn tíma. Vextir á meirihluta þessara lána koma til endurskoðunar á árunum 2024 og 2025 en þeir vextir sem þau bera eru í flestum tilvikum mun lægri en þau vaxtakjör

sem nú bjóðast hjá lánastofnunum. Ef þau heimili sem standa frammi fyrir vaxtaendurskoðun halda sig við óverðtryggð lán, er því viðbúið að greiðslubyrði húsnæðislána hækki.

Mynd 1.18. *Fjárhæðir íbúðalána í milljörðum króna eftir því hvort og hvenær vextir koma til endurskoðunar (vinstri), og samsetning nýrra fasteignalána (hægri).*



Sókn í verðtryggð lán hefur farið vaxandi að nýju samhliða hækkandi verðbólgu og vöxtum og eru meirihluti nýrra fasteignalána nú verðtryggð. Þetta er breyting frá síðustu árum, þegar meirihluti nýrra lána voru óverðtryggð. Færsla frá óverðtryggðum yfir í verðtryggð lán dregur úr greiðslubyrði en hægir hins vegar á eignamyndun.

Mikill munur er á stöðu og húsnæðiskostnaði heimila á eigna- og leigumarkaði. Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar fyrir árið 2021 voru 27% heimila á leigumarkaði með íþyngjandi húsnæðiskostnað en hlutfallið var mun lægra eða 8,9% meðal fasteignaeigenda.¹⁴ Hluta skýringarinnar er að leigjendur eru að meðaltali tekjulægri en eigendur. Þá dró úr framboði af hentugu húsnæði á leigumarkaði árin 2022 og 2023, samkvæmt mælingu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Möguleikar hópanna til að bregðast við breyttum aðstæðum og verðhækkunum eru einnig ólíkir, m.a. vegna eignamyndunar, hagstæðra vaxtakjara og bættrar eiginfjárstöðu fasteignaeigenda síðustu ár. Fasteignaeigendur hafa á undanförunum árum byggt upp aukið eigið fé vegna hækkunar fasteignaverðs umfram skuldir. Þau sem nutu þessarar eignarmyndunar eru því í stöðu til að mæta breyttum aðstæðum með því að endurfjármagna lán sín eða gera breytingar á húsnæðishögum. Hækkun húsnæðisverðs umfram laun á árunum 2021 og 2022 gerir aftur á móti fyrstu kaupendum erfiðara að komast inn á fasteignamarkaðinn en á móti hækkaði leiguverð minna en fasteignaverð og laun á síðustu árum.

¹⁴ Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis. Niðurstöðurnar byggja á lífskjararannsókn Hagstofu Íslands fyrir árið 2021.

2. Vinnumarkaður

2.1 Samantekt

Á íslenskum vinnumarkaði byggja réttindi og skyldur aðallega á kjarasamningum þar sem stéttarfélög og atvinnurekendur semja um kaup og kjör þeirra launamanna sem vinna á félagssviði stéttarfélagsins. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi og einstakir atvinnurekendur eða samtök þeirra fara með umboð til kjarasamninga. Í meginatriðum skiptist vinnumarkaðurinn í almennan og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað.

Í alþjóðlegum samanburði hefur atvinnuleysi að jafnaði verið lágt og atvinnuþátttaka mikil hér á landi. Vinnutími er tiltölulega stuttur, meðallaun eru há og dreifing launa er lítil í alþjóðlegum samanburði hér á landi líkt og á hinum Norðurlöndunum.

Flestir á íslenskum vinnumarkaði starfa í þjónustu-, mennta- og heilbrigðisgreinum. Nokkur munur er á þeim sem starfa innan ólíkra atvinnugreina hvað varðar kyn, bakgrunn og menntun. Þannig vinna konur í meira mæli hjá hinu opinbera en hlutfallslega færri innflytjendur. Karlar vinna í meira mæli í iðnaði og hlutfallslega fleiri innflytjendur vinna í ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi.

Á Íslandi er stéttarfélagssaðild og þekja kjarasamninga ein sú mesta í heimi og byggir skipulag stéttarféлага á aðgreiningu starfa og menntunar.

Starfandi fólki á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt síðustu ár samhliða auknum hagvexti í kjölfar heimsfaraldurs en heldur hefur hægt á fjölguninni undanfarið. Atvinnuleysi er nokkuð stöðugt, spurn eftir fólki er mikil en upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að enn ríki nokkur spenna á vinnumarkaði þó heldur dragi úr henni.

2.2 Íslenskur vinnumarkaður

Réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda grundvallast aðallega á kjarasamningum sem byggðir eru ofan á lágmarksreglur í lögum á meðan samskiptareglur verkalýðsfélaga og atvinnurekenda byggja á settum lögum. Dómar Félagsdóms um brot og túlkun kjarasamninga og gildi þeirra og dómar Landsréttar og Hæstaréttar, gegna jafnframt veigamiklu hlutverki, einkum þar sem lagasetningu er ábótavant. Frá því Ísland gerðist aðili að EES árið 1993 hafa flestar breytingar á löggjöf sem tengjast vinnumarkaði átt rætur sínar að rekja til tilskipana ESB og kjarasamninga heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á EES svæðinu.







Vinnumarkaðurinn á Íslandi skiptist í meginatriðum í almennan (einkageirinn) og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað. Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem gilda um almennan vinnumarkað mæla fyrir um að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Með svipuðum hætti fer á opinberum vinnumarkaði um gildissvið kjarasamninga sbr. 7.gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Heildarsamtök á vinnumarkaði






Alþýðusamband Íslands (ASÍ) eru heildarsamtök stéttarféлага á almennum vinnumarkaði. ASÍ skiptist í fimm landssambönd með 44 aðildarfélög og er félagsfólk um 147 þúsund. Þar af eru rúmlega 132 þúsund virk á vinnumarkaði.

BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna með 19 aðildarfélög og um 25 þúsund félagsmenn. Bandalag háskólamanna (BHM) eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði með 24 aðildarfélög, og rúmlega 18 þúsund félagsmenn. Kennarasamband Íslands (KÍ) er samband kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum með sjö aðildarfélög og um 12 þúsund félagsmenn.

Mynd 2.1. Skipulag launafólks á vinnumarkaði.

Heildarsamtök				Utan heildarsamtaka	Utan stéttarfélags
					
ASÍ Alþýðu- samband Íslands	BSRB Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	BHM Bandalag háskóla- manna	KÍ Kennara- samband Íslands	Stéttarfélag utan bandalaga	Launafólk utan stéttarfélags
44 aðildarfélög	19 aðildarfélög	24 aðildarfélög	7 aðildarfélög	~40 félög	
147.000 félagsmenn	25.000 félagsmenn	18.000 félagsmenn	12.000 félagsmenn		

Mynd 2.2. Skipulag atvinnurekenda á vinnumarkaði.

Heildarsamtök				Aðrir atvinnurekendur
				
Samtök atvinnulífsins	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavíkurborg	Samband íslenskra sveitarfélaga	Aðrir atvinnurekendur innan og utan samtaka
Yfir 2.000 fyrirtæki í 6 atvinnugreina-samtökum	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar	Fer með umboð fyrir flest sveitarfélög	10 samtök 8.000 atvinnurekendur eru utan samtaka
Um 70% launafólks á almennum markaði starfa hjá þessum fyrirtækjum	Semur við 82 stéttarfélög	Semur við 19 stéttarfélög	Semur við 58 stéttarfélög	Um 30% launafólks á almennum vinnumarkaði starfa hjá þessum fyrirtækjum

Heildarsamtök launafólks halda utan um sameiginleg málefni aðildarfélaganna og koma fram fyrir þeirra hönd. Samningsrétturinn til að gera kjarasamninga liggur hjá hverju stéttarfélagi sem semur um kaup og önnur kjör en samningsumboðið er oft framselt til heildarsamtaka eða að hópur félaga tekur sig saman og semur í sameiningu. Mikill meirihluti launafólks hér á landi er félagsfólk í stéttarfélögum sem eiga aðild að heildarsamtökum en mörg stéttarfélög standa þó utan heildarsamtaka. Helst eru þetta stéttarfélög háskólamenntaðra. Þeirra stærst eru Samtök starfsmanna fjármála- og efnahagsráðuneytisins auk stéttarfélaganna ýmissa heilbrigðisstétta, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga. Ætla má að um 19 þúsund manns séu félagsmenn í stéttarfélögum utan heildarsamtaka.¹⁵ Þessu til viðbótar er hópur launafólks sem stendur utan stéttarfélaganna. Þeir sem teljast til þessa hóps semja beint við sinn atvinnurekanda eða taka laun samkvæmt lögum. Upplýsingar um heildarfjölda þeirra eru af skornum skammti en þarna er m.a. að finna kjörna fulltrúa, ráðherra, dómara, forstjóra og forstöðumenn og stundakennara í háskólum.

Helstuviðsemjendur stéttarfélaganna eru Samtök atvinnulífsins sem eru heildarsamtök atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru stærstu samtök launagreiðenda og þeim tilheyra sex aðildarsamtök. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Önnur minni félög atvinnurekenda, þar á meðal Félag atvinnurekenda og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, gera einnig kjarasamninga fyrir hönd sinna félagsmanna. Samkvæmt kjörskrá úr atkvæðagreiðslum má ætla að samningar

¹⁵ Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

SA náí til um 65% alls launafólks á vinnumarkaðnum og til um 98% launafólks á almennum markaði.¹⁶

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og felur hann samninganefnd ríkisins, SNR, umboð sitt til að gera kjarasamninga. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, SNS, fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarfélaga utan Reykjavíkurborgar sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur ef undan eru skildir kjarasamningar við Kennarasamband Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna.

Lagaumhverfi kjarasamninga

Kjarasamningur er milli stéttarfélags og atvinnurekanda þar sem samið er um kaup og kjör sem nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssviði stéttarfélagsins. Kjarasamningur kveður á um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarrétt og fleiri atriði sem snerta kjör og aðbúnað launafólks.

Á almennum vinnumarkaði gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig samkvæmt lögnum en ekki heildarsamtökum stéttarfélaga nema samkvæmt umboði aðildarfélaga þeirra. Samkvæmt sömu lögum fara einstakir atvinnurekendur eða samtök þeirra með umboð til kjarasamninga.

Á opinberum vinnumarkaði gilda að sumu leyti svipaðar reglur en þar gilda lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Þau gilda um alla starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögnum og eru ráðnir til starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum þeirra. Samkvæmt lögum fer fjármála- og efnahagsráðherra að meginstefnu með samningsumboð fyrir ríkið og sveitarstjórnir fyrir hönd einstakra sveitarfélaga.

Heimild til boðunar verkfalla liggur hjá stéttarfélögum á almennum og opinberum vinnumarkaði en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd. Verkföll verða ekki ákveðin án sjálfstæðrar atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags. Á almennum vinnumarkaði fara einstakir atvinnurekendur og samtök þeirra með verkbannsrétt en ekki er mælt fyrir um verkbannsrétt opinberra atvinnurekenda í lögum nr. 94/1986.

Hlutverk ríkissáttasemjara

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar sáttasemjara. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara og fer hann eftir það með stjórn viðræðna.

¹⁶ Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélag launafólks, eitt eða fleiri saman og félag atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar.

2.3. Sérkenni íslensks vinnumarkaðar


Íslenskur vinnumarkaður býr yfir nokkrum sérkennum sem vert er að skoða og setja í alþjóðleg samhengi. Skiptir þar mestu kjarasamningsumhverfið, atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og samsetning eftir kyni og bakgrunni.

Kjarasamningsumhverfi

Stéttarfélagspátttaka hér á landi er sú hæsta sem um getur. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands var rúmlega 92% vinnuaflsins félagar í stéttarfélagi árið 2021. Til samanburðar er hlutfallið 50% - 67% hinum á Norðurlöndunum, sem þó raða sér í efstu fjögur sætin meðal OECD-ríkja á eftir Íslandi. Stéttarfélagspátttaka í OECD-ríkjum er að meðaltali 16%.

Þekja kjarasamninga, sem segir til um hversu stórs hluta fólks á vinnumarkaði umsamin kjör í kjarasamningum ná til, er jafnframt ein sú mesta sem um getur hér á landi. Minni munur er á þekju kjarasamninga milli Íslands og Norðurlandanna en stéttarfélagspátttöku.

Mynd 2.3. Aðild að stéttarfélagum í OECD-ríkjum.



Heimild: OECD og Hagstofa Íslands

Skipulagi samningaviðræðna og fyrirkomulagi háttar til með talsvert ólíkum hætti milli landa og samningssviða. Á Íslandi byggir skipulag stéttarféлага á aðgreiningu starfa (verkafólk, iðnaðarmenn, verslunarfólk o.s.frv.) og aðgreiningu á grundvelli menntunar (kennarar, læknar, hjúkrunarfræðingar o.s.frv.) sem eru

hópar sem allir semja hver fyrir sig, einkum við hið opinbera án þess að farið sé með sameiginlegt umboð. Undantekningar eru frá þessu eins og t.d. í samningum í stóriðju þar sem stéttarfélög fólks úr ólíkum atvinnugreinum koma saman og gera einn sameiginlegan kjarasamning við einn atvinnurekenda. Víða er algengt að samið sé á fyrirtækjastigi en á Norðurlöndunum er algengast að samið sé á atvinnugreinagrunni.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð ríkir almenn samstaða á vinnumarkaði um að útflutningsgreinar í alþjóðlegri samkeppni séu leiðandi (sk. undanfarar) í launamyndun og gerð kjarasamninga í hverri lotu og skapi fordæmi fyrir aðra. Kjarasamningar í öðrum greinum eru nánast undantekningarlaust innan ramma sem settur er af útflutningsgreinum. Fyrirkomulag viðræðna og hefðir í kringum kjarasamningsgerðina er ólíkt milli landanna en almenn samstaða er um að launahækkar allra kjarasamninga verði að vera innan þess ramma sem iðnaðurinn ræður við. Ákveðið svigrúm er fyrir sveigjanleika í útfærslum en ekki til kostnaðarfrávika. Samtök atvinnurekenda og stéttarfélög í atvinnugreinum í alþjóðlegri samkeppni hafa gert svonefnda rammisamning (s. Industriavtal) um hvernig staðið skuli að kjarasamningum og sameiginleg markmið aðila, varðandi m.a. samvinnu, menntun, rannsóknir, nýsköpun og jafnréttismál. Markmiðið er að tryggja launa- og verðhækkar í samræmi við þróun í viðskiptaríkjunum og stuðla að samkeppnishæfu rekstrarumhverfi atvinnulífsins.


Alþjóðlegur samanburður

Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuleysi á íslenskum vinnumarkaði lágt og atvinnuþátttaka mikil, sjá mynd 2.4. Því er hlutfall fólks á vinnualdri sem er í vinnu eða tilbúið að hefja vinnu hátt í alþjóðlegum samanburði. Þetta á sérstaklega við um yngri og eldri aldurshópana þar sem ungt fólk fer snemma út á vinnumarkaðinn og eldra fólk fer seint á eftirlaun í samanburði við önnur ríki.

Atvinnuleysi er hlutfall vinnuafis sem eru án atvinnu. Atvinnuþátttaka er hlutfall mannfjölda á aldrinum 16 til 74 ára sem er starfandi eða atvinnulaust. Einstaklingar teljast atvinnulausir ef þeir eru í atvinnuleit og tilbúnir að hefja störf. Aðrir einstaklingar án vinnu teljast utan vinnumarkaðar. Lönd með mikla atvinnuþátttöku eru almennt með lítið atvinnuleysi.

Á Íslandi hefur atvinnuleysi að jafnaði verið lítið í alþjóðlegum samanburði og fólk að jafnaði án atvinnu í stuttan tíma og langtímaatvinnuleysi (atvinnuleysi umfram tólf mánuði) því hlutfallslega lítið hérlandis.


Mynd 2.4. Alþjóðlegur samanburður á atvinnuleysi (vinstri) og atvinnuþátttöku (hægri).



Heimild: OECD.

Í alþjóðlegum samanburði er vinnutími tiltölulega stuttur á Norðurlöndunum mældur í meðalfjölda vinnustunda í aðalstarfi. Hér á landi hefur vinnuvikan styst á síðustu árum, einkum eftir 2019 þegar samið var sérstaklega um vinnutímastyttingu stórra hópa í kjarasamningum, en fyrir þann tíma var vinnuvikan hér lengri en á hinum Norðurlöndunum. Ísland raðast á svipaðan stað þegar skoðaðar eru tölur um heildarvinnumagn á hvern starfandi úr þjóðhagsreikningum. Vinnumagn samkvæmt þjóðhagsreikningum hefur þó minnkað minna en vinnumagn samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn.

Mynd 2.5. Alþjóðlegur samanburður á meðalfjölda vinnustunda í aðalstarfi (vinstri) og heildarfjölda unninna vinnustunda á hvern starfandi (hægri).




Skýringar: Vinstri mynd byggir á vinnumarkaðsrannsókn, sem er úrtaksrannsókn þar sem spurt er um fjölda klukkustunda sem fólk vann raunverulega í tiltekinni viku. Hægri myndin byggir á þjóðhagsreikningum. Sá mælikvarði tekur til fleiri þátta en vinnumarkaðsrannsókn, þar á meðal lengd orlofs. Heimild: OECD.

Meðallaun á Íslandi eru þau hæstu í OECD-ríkjunum þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðlagi, sjá mynd 2.6. Ísland hefur verið meðal þeirra ríkja þar sem meðallaun eru með þeim hæstu frá árinu 2016. Þrátt fyrir að umrædd gögn gefi vísbendingu um há meðallaun hér á landi þarf að hafa í huga að alþjóðlegur samanburður á meðallaunum er vandkvæðum bundinn.

Hlutfallslegur munur á launum fólks er lítill á Norðurlöndunum í alþjóðlegum samanburði, þar með talið á Íslandi. Á síðustu árum hefur dreifing launa minnkað hér á landi og var sú þróun áberandi á árunum 2018-2022 sem rekja má til kjarasamninga sem gerðir voru á tímabilinu þar sem lægstu laun hækkuðu hlutfallslega mest þegar kauptaxtar og samningsbundin laun hækkuðu um tilteknar krónutölur.¹⁷

Mynd 2.6. *Árleg meðallaun í bandaríkjadöllum, leiðrétt fyrir kaupmætti, 2022 (vinstri), tíundahlutfall launa fullvinnandi launafólks árið 2021 og meðaltal 2021-2022 (hægri).*




Skýringar: Árleg meðallaun byggja launakostnað og vinnumagni út frá þjóðhagsreikningum umbreytt í stöðugildi. Heimild: OECD.

Atvinna og vinnutími eftir kyni, atvinnugrein og menntun

Árið 2023 voru 219.300 manns starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Þar af störfuðu tæplega 63 þúsund manns eða 29% í atvinnugreinum sem falla undir hið opinbera. Það er hér skilgreint sem opinber stjórnþjónsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta en lítill hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er þó á höndum einkaaðila. Um 88 þúsund manns (40%) eru starfandi í þjónustugreinum, þ.e. ferðaþjónusta, þjónusta og verslun, og um 38.000 (tæplega 20%) í iðnaði og sjávarútvegi.

¹⁷ Í kafla 3.7 í haustskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2023 er sérstök umfjöllun um kjarasamningana 2019-2022.

Mynd 2.7. Samsetning starfandi eftir atvinnugreinum.




Skýring á atvinnugreinaflokkun: Þjónusta án ferðaþjónustu: J+K+M. Iðnaður og byggingarstarfsemi: B til F. Ferðaþjónusta: H+I+N. Heild og smásöluverslun: G. Sjávarútvegur: A03. Annað: A(fyrir utan A03)+R+S+T+U+O+P+Q. Heimild: Hagstofa Íslands.

Nokkur munur er á skiptingu atvinnugreina eftir landsvæðum. Hlutfallslega starfa fleiri í þjónustu og verslun á höfuðborgarsvæðinu, en færri í sjávarútvegi. Á Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðurlandi eystra er ferðaþjónusta umfangsmikil, á Vesturlandi og Austurlandi starfa hlutfallslega fleiri í iðnaði en annars staðar á landinu og sjávarútvegur er fyrirferðarmikill á Vestfjörðum og Austurlandi.

Konur eru fjölmennari í hópi þeirra sem starfa hjá hinu opinbera, þar sem um þrír af hverjum fjórum starfandi eru konur. Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem starfa í iðnaði eða rúmlega 80% en kynjaskipting er jafnari í öðrum atvinnugreinum. Bakgrunnur fólks er nokkuð ólíkur eftir atvinnugreinum. Hlutfallslega fleiri innflytjendur starfa í iðnaði, ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Einn af hverjum fjórum innflytjendum starfar í ferðaþjónustu, en aðeins 8% fólks með íslenskan bakgrunn. Lægra hlutfall innflytjenda starfar hins vegar í þjónustu og hjá hinu opinbera.

Mynd 2.8. Hlutfallsleg samsetning starfandi eftir atvinnugreinum og kyni (vinstri) og bakgrunni (hægri).




Skýringar: Vinstri mynd byggir á vinnumarkaðsrannsókn þar sem sjávarútvegur er án fiskvinnslu. Hægri mynd byggir á skráargögnum þar sem fiskvinnsla er meðtalin í sjávarútvegi. Heimildir: Hagstofa Íslands.

Meðalfjöldi vikulegra vinnustunda á vinnumarkaðnum í heild sinni er 35 klukkustundir. Nokkur munur er á lengd vinnuvikunnar eftir atvinnugreinum en það skýrist m.a. af eðli starfa og umfangi hlutastarfa. Fæstar eru vikulegar vinnustundir hjá hinu opinbera 32 stundir og í verslun 34 stundir, en í þessum greinum eru hlutastörf algengari en í öðrum greinum og dregur það niður meðaltalið. Lengst er vinnuvikan í iðnaði og sjávarútvegi 38-39 stundir, þar sem fiskvinnsla er ekki meðtalin.

Karlar vinna að jafnaði 7 stundum lengur á viku en konur, sem skýrist m.a. af því að herra hlutfall kvenna er í hlutastörfum en karla. Vinnutími þeirra sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins er að jafnaði tveimur tímum lengri á viku en þeirra sem búsettir eru innan þess.

Mynd 2.9. *Meðalfjöldi vikulegra vinnustunda í aðalstarfi eftir atvinnugrein, kyni og búsetu, hlutfall heildarvinnustunda á vinnumarkaði innan sviga.*




Skýringar: Samanlagðar vinnustundir á viku í aðal- og aukastarfi hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarviku rannsóknarinnar. Starfandi teljast þeir sem unnu eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarvikunni eða voru fjarverandi frá starfi sem þeir gegna að öllu jöfnu. Atvinnugreinar: Hjú opinbera: O-Q, iðnaður: B-F, ferðaþjónusta: H,I,N, þjónusta án ferðaþjónustu: J-M, verslun: G. Heimild: Hagstofa Íslands.

Tæplega helmingur þeirra sem starfa á íslenskum vinnumarkaði eru sérfræðingar og þjónustu- og verslunarfólk en tæplega þriðjungur eru stjórnendum og sérmenntað starfsfólki. Þetta eru starfsstéttir þar sem hlutfallslega flestir eru háskólamenntaðir.

Tæplega þriðjungur allra sem starfa á vinnumarkaði eru með grunnskólaprófi sem hæsta menntunarstig, 36% hafa lokið framhaldsskólaprófi eða annarri menntun á sama stigi og þriðjungur háskólaprófi. Töluverður munur er á menntunarstigi innan einstakra starfsstétta. Langflestir sérfræðingar, eða 87% eru með háskólamenntun, 70% iðnaðarfólks er með framhaldsskólapróf og helmingur verkafólks hefur grunnskólamenntun.

Mynd 2.10. *Hlutfallsleg samsetning starfandi eftir starfsstétt (vinstri) og hlutfallsleg samsetning starfsstétta í menntunarstig (hægri) árið 2023.*




Heimild: Hagstofa Íslands.

2.4. Þróun vinnumarkaðar

Starfandi fólki á íslenskum vinnumarkaði fjölgaði hratt samhliða vaxandi eftirspurn og umsvifum í hagkerfinu í kjölfar heimfaraldurs. Á sama tíma hefur íbúum landsins sjaldan fjölgað jafn hratt. Árið 2022 var fólksfjölgun sú næst mesta frá upphafi mælinga árið 1703.

Megnið af fjölgun starfandi síðustu tvö ár er erlent launafólk og skýrir það bæði hraða fjölgun starfandi og íbúa. Frá árinu 2019 má rekja tvo þriðju af fjölgunni til þess og er hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði nú það hæsta nokkru sinni, um 23%. Að sama skapi má rekja um tvo þriðju af fjölgun íbúa til fjölgunar innflytjenda.

Mynd 2.11. *Atvinnuleysi (vinstri), atvinnuþátttaka sem árstíðarleiddrétt leitni (hægri).*




Skýringar: Skráð atvinnuleysi skv. Vinnuálastofnun, mælt atvinnuleysi og atvinnuþátttaka (árstíðarleiddrétt leitni) úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Heimildir: Hagstofa Íslands og Vinnuálastofnun.

Þegar mest lét fjölgaði starfandi um 9% á ársgrundvelli. Það er umtalsvert meiri fjölgun en á árunum 2006-2007 og 2015-2016, þegar starfandi fjölgaði mest um 4% - 5% á ársgrundvelli. Þó að hægt hafi á þá fjölgar fólki á vinnumarkaði enn nokkuð hratt, eða um 3,2% á síðustu tólf mánuðum.

Starfandi fólki fjölgaði mest undanfarin ár í einkennandi greinum ferðaþjónustu eða um ríflega 50% frá árinu 2021. Í fyrra störfuðu heldur fleiri í ferðaþjónustugreinum en fyrir heimsfaraldur.

Mynd 2.12. *Breyting í fjölda starfandi sem 12 mánaða vöxtur á árstíðarleiðréttri leitni (vinstri) og hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði árin 2019-2023 (hægri).*




Skýringar: Fjöldi starfandi og hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Heimildir: Hagstofa Íslands

Mestu sveiflur hafa verið í fjölda starfandi í ferðaþjónustu síðustu ár samanborið við aðrar atvinnugreinar enda hafði heimsfaraldur einna mest áhrif á umsvif í þeirri grein. Störfum fækkaði töluvert árið 2020 en tók svo að fjölga á ný og fjölgaði samtals um 10 þúsund á árunum 2022 og 2023, sjá mynd 2.13. Á heildina litið fjölgaði starfandi í ferðaþjónustu um tæplega þúsund frá 2019. Hjá hinu opinbera hefur fjölgun starfandi verið nokkuð stöðug eitt til þrjú þúsund síðustu ár og má rekja tæplega helming af fjölgun starfandi á tímabilinu til hins opinbera sem er hærra hlutfall en hefur verið til lengri tíma.

Atvinnuleysi hefur verið nokkuð stöðugt, eftirspurn eftir fólki er mikil og atvinnuþátttaka vaxandi frá því heimsfaraldri lauk. Skráð atvinnuleysi, hjá Vinnumálastofnun, var 3,6% í apríl. Það er 0,3 prósentustigum meira en á sama tíma í fyrra, sjá mynd 2.11. Mælt atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands, var 3,8% í apríl og þróaðist með svipuðum hætti og skráð atvinnuleysi undanfarið ár.

Mynd 2.13. Fjöldi starfandi 16-74 ára í aðalstarfi (óháð starfshlutfalli) samkvæmt skráum í þúsundum eftir atvinnugrein, breyting frá fyrra ári (vinstri) og uppsöfnuð breyting frá 2019 til fyrstu þriggja ársfjórðunga 2023 (hægri).




Heimildir: Hagstofa Íslands.

Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að enn sé nokkur spenna á vinnumarkaði en að heldur hafi dregið úr þeirri spennu undanfarið. Um 4.700 störf voru skráð laus á fjórða ársfjórðungi 2023 í starfaskráningu Hagstofu Íslands. Það eru 2.300 færri laus störf en á sama tíma árinu áður. Einn mælikvarði á spennu á vinnumarkaði er hlutfall á milli lausra starfa og atvinnulausra. Við hlutfall yfir einum eru færri án atvinnu en fylla laus störf sem gefur vísbendingu um að spenna sé á vinnumarkaði. Árið 2023 var fjöldi lausra starfa svipaður eða minni en fjöldi atvinnulausra. Hlutfallið var 0,9 árið 2023 og var mest á bilinu 1,2 - 1,4 árið 2022. Í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu er fjöldi atvinnulausra oftast yfir fjölda lausra starfa.

Enn eru margir stjórnendur fyrirtækja sem áforma að fjölga starfsfólki á næstunni skv. könnun Gallup á viðhorfi 400 stærstu fyrirtækja landsins. Um 30% stjórnenda hyggjast fjölga starfsfólki en einungis 12% fækka. Hlutfall stjórnenda sem hyggjast fjölga starfsfólki jókst á milli fjórða ársfjórðungs 2023 og fyrsta ársfjórðungs 2024.

Rúmur þriðjungur (37%) stjórnenda töldu vera skort á starfsfólki á fyrsta ársfjórðungi 2024 sem er talsvert yfir langtímameðaltali. Þetta hlutfall lækkaði jafnt og þétt frá öðrum ársfjórðungi 2022 til ársloka 2023 en hækkaði lítillega að nýju á fyrsta ársfjórðungi 2024.

Mynd 2.14. Laus störf, 1. ársfjórðungur 2019 - 4. ársfjórðungur 2023 (vinstri), og hlutfall fyrirtækja sem telja skort á starfsfólki, punktalína er meðaltal 2013-2023 (hægri).



Heimildir: Hagstofa Íslands og könnun Gallup á viðhorfi 400 stærstu fyrirtækja landsins.

3. Laun og launaþróun

3.1. Samantekt

Í síðustu kjarasamningslotu á almennum vinnumarkaði, frá nóvember 2022 til janúar 2024, hækkuðu grunnlaun á íslenskum vinnumarkaði að jafnaði um 11,1%. Flestir kjarasamningar í síðustu kjaralotu á opinberum markaði voru með gildistíma frá apríl 2023 til loka mars 2024 og komu hækkanir því seinna fram en á almennum markaði.

Í þeim skammtímasamningum sem runnu út á fyrstu mánuðum þessa árs var almennt farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana. Samið var um 6,75% almenna launahækkun, með ákvæðum um bæði hámarks- og lágmarks krónutöluhækkun og voru hlutfallshækkanir því meiri eftir því sem laun eru lægri.

Á tímabilinu frá nóvember 2022 til janúar 2024 hækkaði vísitala grunnlauna, sem best endurspeglar umsamdar launahækkanir í kjarasamningum, um 10,4% - 11,6% eftir mörkuðum. Þegar launaþróun er greind eftir mörkuðum og heildarsamtökum má sjá að hlutfallshækkanir voru meiri hjá hópum þar sem laun eru að meðaltali lægri.

Að teknu tilliti til verðlagsþróunar á tímabilinu jókst kaupmáttur grunntímakaups um 2,6% í kjarasamningslotunni. Á almennum markaði var kaupmáttaraukningin 2,7% á meðan hún var á bilinu 1,9% - 2,0% hjá ríki og Reykjavíkurborg. Mest var kaupmáttaraukning hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar, þar sem kaupmáttur grunntímakaups jókst um 3,1%.

Meðalheildarlaun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru 935 þúsund krónur á árinu 2023. Meðallaun voru hæst hjá ríkinu hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða heildarlauna en launadreifing er meiri á almenna markaðnum en hjá hinu opinbera.


Nýir kjarasamningar voru undirritaðir á almennum vinnumarkaði fyrri hluta marsmánaðar á þessu ári með gildistöku frá 1. febrúar 2024 til janúarloka 2028. Í kjölfarið hækkaði launavísitalan um 2,4%. Launagögn eftir mörkuðum og heildarsamtökum á vinnumarkaði sem KTN styðst við í greiningum sínum liggja fyrir til janúar 2024 og ná því ekki til launaþróunar í kjölfar nýgerðra kjarasamninga.

Flestir kjarasamningar á opinberum markaði voru lausir í lok mars 2024 nema hjá fimm félögum afsjö í KÍ sem eru með gildistíma til loka maí 2024. Nokkur aðildarfélag BSRB hafa undirritað kjarasamninga við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samningarnir eru til fjögurra ára og á sambærilegum nótum og á almenna markaðnum. Samningarnir voru til kynningar og atkvæðagreiðslu við ritun skýrslu KTN. Samningum annarra hópa á opinberum markaði var ólokið við frágang skýrslunnar.

3.2. Launapróun eftir mörkuðum

Launaumfjöllun í skýrslum KTN byggir á launagögnum frá Hagstofu Íslands sem safnar mánaðarlega upplýsingum frá ríki, sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum, þar sem starfa tíu eða fleiri. Út frá þessum gögnum má sjá að í síðustu kjarasamningslotu á almennum vinnumarkaði, frá nóvember 2022 til janúar 2024, hækkuðu grunnlaun á íslenskum vinnumarkaði um 11,1%, sjá mynd 3.3. Á almennum vinnumarkaði tóku nýir kjarasamningar gildi í febrúar 2024 og í kjölfarið hækkaði launavísitala um 2,4% á milli febrúar og mars 2024, sjá mynd 3.1. Á almennum vinnumarkaði tóku nýir kjarasamningar gildi í febrúar 2024 og í kjölfarið hækkaði launavísitala um 2,4% á milli febrúar og mars 2024.

Mynd 3.1. *Breyting launavísitölu og vísitölu grunnlauna frá nóvember 2022 til apríl 2024 (nóvember 2022=100).*




KTN greinir laun og launapróun sérstaklega fyrir almennan vinnumarkað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög út frá launagögnum Hagstofu Íslands. Greining samkvæmt þessari skiptingu liggur fyrir til janúar 2024 og tekur því ekki til þeirrar launapróunar sem orðið hefur í kjölfar nýgerðra kjarasamninga.¹⁸

Flestir kjarasamningar á opinberum markaði voru með gildistíma frá 1. apríl 2023 - 31. mars 2024 og komu hækkanir því seinna til en á almennum markaði. Breytingar á grunntímakaupi, þ.e. dagvinnulaunum á hverja greidda stund án launaauka s.s. bónus- og álagsgreiðslna, endurspeglar best umsamdar launahækkanir í kjarasamningum og er því megin áhersla lögð á það launahugtak í umfjöllun KTN.


¹⁸ Nánari skýringar á gögnum og launahugtökum eru í viðaukum 1 og 2.

Mynd 3.2. *Vísitala grunntímakaups (vinstri) og reglulegs tímakaups (hægri), breyting frá nóvember 2022 til janúar 2024 (nóvember 2022=100).*



Á tímabilinu nóvember 2022 - janúar 2024 hækkaði reglulegt tímakaup, þ.e. grunntímakaup að viðbættum launaukum s.s. álags- og bónusgreiðslum, ívið meira en grunntímakaup, samanber mynd 3.2. Grunntímakaup hækkaði á bilinu 10,3% - 11,6% eftir mörkuðum en reglulegt tímakaup á bilinu 11,2% - 12,6%. Mestur munur er á breytingum á grunntímakaupi og reglulegu tímakaupi hjá Reykjavíkurborg og ríki sem skýrist meðal annars af hækkun reglulegs tímakaups í janúar 2024 vegna árstíðarbundinna aukagreiðslna.

Mynd 3.3. *Breytingar á vísitölu grunntímakaups og vísitölu reglulegs tímakaups, frá nóvember 2022 til janúar 2024.*



Almennur vinnumarkaður nóvember 2022 til janúar 2024

Þær launahækkningar á almennum markaði sem samið var um í kjarasamningum í lok árs 2022 komu til greiðslu í desember það ár og komu þá fyrst fram í gögnum Hagstofunnar. Samningar í lok árs 2022 voru flestir við stéttarfélög innan ASÍ, sem hefur 63% vægi í vísitölu grunntímakaups á almennum markaði, sjá mynd 3.5. Vísitala grunntímakaups fyrir almennan vinnumarkað hækkaði mest á milli nóvember 2022 og janúar 2023 en hækkaði áfram jafnt og þétt fram til janúar 2024, sjá mynd 3.2, í heildina um 11,2%.

Í samningum VR, LÍV og samflots félaga iðn- og tæknigreina við SA í lok árs 2022 var samið um 6,75% almennar launahækkunir með hámarki við 66 þúsund krónur, frá 1. nóvember 2022. Launataxtar hækkuðu hlutfallslega meira. Taxtahækkunir VR og LÍV voru á bilinu 9,7% - 13,0%, en 9,3% - 11,6% hjá iðn- og tæknifélögum. Hæsti taxti VR og LÍV var í kringum 410 þúsund krónur og algengasti sveinataxti iðnaðarmanna var 490 þúsund krónur áður en samið var. 19 Í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins (SGS) og SA í lok árs 2022 var samið um 35 - 52 þúsund króna hækkun kaupaxta miðað við virka launaflokka sem náðu frá 367 þúsundum króna til 401 þúsunda króna. Hækkun launataxta SGS var því á bilinu 9,5% - 13,1%. Almenn hækkun mánaðarlauna hjá SGS utan taxta, sem nær til þeirra sem eru á umsömdum launum, var 33 þúsund krónur í samningum við SA.

Opinber vinnuþækkun frá nóvember 2022 til janúar 2024

Hjá ríki og Reykjavíkurborg hækkaði vísitala grunntímakaups mest á milli mars og maí 2023 þegar kjarasamningar komu til framkvæmda. Á heildina litið hækkaði vísitala grunntímakaups um 10,3% hjá ríki og 10,4% hjá Reykjavíkurborg milli nóvember 2022 og janúar 2024. Hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar var mesta hækkunin í júní og hækkaði vísitala grunntímakaups alls um 11,6% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar á tímabilinu nóvember 2022 til janúar 2024. Ólíkur taktur launaþróunar skýrist að mestu af því að kjarasamningar eru undirritaðir á mismunandi tímum og launahækkunir koma til framkvæmda í samræmi við það.

Í kjarasamningum ríkisins vorið 2023 var líkt og á almennum markaði farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana. Laun hækkuðu almennt um 6,75% en lágmarks krónutöluhækkun nam 35 þúsund krónum með 66 þúsund króna þaki á fyrsta launaþrep. Bil milli þrepa í launatöflum héldust óbreytt í prósentum og námu hlutfallshækkunir því á bilinu 5,2% - 10,5% og krónutöluhækkunir voru frá 35 - 79 þúsund krónur.

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga á síðasta ári var farin svipuð leið og hjá ríkinu, blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana. Laun hækkuðu um að lágmarki 35 þúsund krónur, og námu hækkunir að hámark 6,75%. Bil milli þrepa í launatöflum héldust óbreytt í prósentum og námu hlutfallshækkunir almennt á bilinu 6,75% - 8,80% en þó voru hækkunir lægstu launa meiri þar sem kjarasamningar kváðu á um viðbótargreiðslur á lægstu launataxta.


Kjarasamningar Reykjavíkurborgar voru sambærilegir öðrum kjarasamningum á opinbera markaðnum. Laun hækkuðu almennt um 6,75% en lágmarks krónutöluhækkun nam 35 þúsund krónum og 66 þúsund króna þak var á grunnþrep. Launaþrep í töflum héldust óbreytt í prósentum og námu hlutfallshækkunir almennt því frá 6,75% - 10%.

3.2. Kaupmáttur launa

Sé horft til þróunar vísitölu neysluerðs frá nóvember 2022 þá náði verðbólga hámarki í febrúar 2023 og lækkaði síðan hægt og var 6,2% í maí 2024. Verðbólga hefur hjaðnað hægar en reiknað var með á tímabili síðustu kjarasamningslotu.

Frá nóvember 2022 til janúar 2024 hækkaði grunntímakaup á vinnumarkaðnum öllum um 11,1% og á sama tímabili hækkaði almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysluerðs um 8,3%. Kaupmáttur grunntímakaups hækkaði því um 2,6% í nýliðinni kjarasamningslotu. Á almennum markaði var kaupmáttaraukningin 2,7% á meðan hún var á bilinu 1,9% - 2,0% hjá ríki og Reykjavíkurborg. Mest var kaupmáttaraukning hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg, þar sem kaupmáttur grunntímakaups jókst um 3,1%.

Mynd 3.4. Breyting á kaupmætti grunntímakaups (GTK) og reglulegs tímakaups (RTK) frá nóvember 2022 til janúar 2024.




3.3. Vægi markaða og heildarsamtaka

Mikilvægt er að horfa til samsetningar vinnumarkaðarins og vægi mismunandi heildarsamtaka innan markaða við greiningu á niðurstöðum.

Félagsfólk aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands (ASÍ) vegur alls um helming í gagnasafni Hagstofu Íslands fyrir vísitölu grunntímakaup. Félagssfólk í aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasambandi Íslands (KÍ) vegur samanlagt rúman fjórðung í vísitölunni, félagsmenn stéttarfélaganna sem ekki eru hluti af heildarsamtökunum fjórum vega um fimmtung og launafólk utan stéttarfélaganna um 6%.

Mynd 3.5 sýnir ólíkt vægi heildarsamtaka eftir mörkuðum í vísitölu grunntímakaups. Félagssfólk stéttarfélaganna innan ASÍ vega mest, eða um um 63%, í vísitölu grunntímakaups á almennum markaði, félagsmenn BHM vega mest hjá ríkinu um 37%, BSRB vegur um 35% hjá Reykjavíkurborg og KÍ um 43% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

Mynd 3.5. Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum í janúar 2024.



Á almennum vinnumarkaði er um fjórðungur launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka. Þar af eru fjórir af hverjum fimm félagsmönnum úr röðum Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Stéttarfélags verkfræðinga, Félags íslenskra atvinnuflugmanna eða Flugvirkjafélagi Íslands. Hjá ríki er um fjórðungur launafólks félagar í stéttarfélögum utan heildarsamtaka, flestir í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eða Læknafélagi Íslands. Hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum er mjög lágt hlutfall launafólks í stéttarfélögum utan heildarsamtaka en af þeim eru rúmlega fjórir af hverjum fimm félagsmönnum í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kjarafélagi tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélag Íslands. Hluti launafólks á íslenskum vinnumarkaði er utan stéttarfélaga. Á opinberum markaði ber helst að nefna þá sem ekki hafa samningsrétt, svo sem forstöðumenn stofnana, dómara, alþingismenn, yfirstjórnir sveitarfélaga og stundakennara í háskólum. Á almennum vinnumarkaði eru það helst stjórnendur og sérfræðingar sem eru utan stéttarfélaga.

3.4. Launapróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum


Frá nóvember 2022 til janúar 2024 hækkaði grunntímakaup alls um 11,1% á íslenskum vinnumarkaði.

Á almennum vinnumarkaði hækkaði grunntímakaup hjá verkafólki, félagsmönnum í SGS og Eflingu, um 11,2% á tímabilinu en samkvæmt kjarasamningum Eflingar og SGS við SA hækkuðu laun almennt um 33 þúsund krónum og launataxtar á bilinu 9,5% - 13,1%. Frá nóvember 2022 til janúar 2024 hækkaði grunntímakaup hjá verslunar- og skrifstofufólki (VR/LÍV) um 10,5% og hjá iðn- og tæknifólki um 10,4%. Kjarasamningar kváðu á um 6,75% almenna launahækkun þessara hópa, að hámarki 66 þúsund krónur.

Á opinberum markaði komu hækkanir seinna til framkvæmda en á almennum markaði vegna tímasetninga kjarasamninga. Hjá ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögum hækkaði grunntímakaup hjá félagsmönnum ASÍ og BSRB meira en hjá BHM sem skýrist af því að hjá hópum þar sem launastig er að meðaltali lægra voru hlutfallslegar launahækkanir meiri. Hjá félagsmönnum ASÍ á opinberum

markaði voru hækkanir grunntímakaups frá nóvember 2022 til janúar 2024 á bilinu 10,3% - 12,6% eftir mörkuðum. Hjá BSRB voru hækkanir á bilinu 10,0% - 11,9% fyrir sama tímabil. Hjá BHM hækkaði grunntímakaup á bilinu 9,5% - 9,8% og hjá KÍ á bilinu 10,1% - 11,8%. Í kjarasamningum á opinberum markaði var almenn launahækkun 6,75% með 35 þúsund króna lágmarkshækkun, með sérstakri áherslu á lægstu laun og 66 þúsund króna þaki. Á tímabilinu komu einnig til framkvæmda á opinberum markaði launabreytingar vegna jöfnunar launa á milli markaða sem höfðu áhrif til hækkunar grunntímakaups nokkurra starfsheita hjá ríki og sveitarfélögum.¹⁹

Mynd 3.6. *Hækkun grunntímakaups frá nóvember 2022 til janúar 2024 eftir mörkuðum og heildarsamtökum.*



3.5. Launastig fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Umfjöllun KTN um launastig byggir á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Fjallað er um grunnlaun, regluleg laun og heildarlaun launafólks í fullu starfi og tekur umfjöllunin nú til meðaltals alls ársins 2023.²⁰ Í síðustu skýrslu nefndarinnar (Haustskýrslu 2023) var fjallað um launastig í maí 2023 en kosturinn við ársmeðaltöl er að þau jafna út áhrif árstíðarsveiflna í yfirvinnugreiðslum og launaaukum sem geta verið breytileg á milli mánaða. Við samanburð milli einstakra markaða og heildarsamtaka er rétt að hafa í huga að samsetning með tilliti til starfa er mismunandi. Þannig er til dæmis hærra hlutfall stjórnenda og sérfræðinga hjá ríkinu en á almennum markaði eða sveitarfélögum og verkafólk starfar flest á almenna markaðnum.

Heildarlaun allra fullvinnandi á vinnumarkaði voru að jafnaði 935 þúsund krónur árið 2023. Meðallaun voru hæst hjá ríkinu hvort sem litið er til grunnlauna,


¹⁹ Nánar er fjallað um jöfnun launa á milli markaða í rammagrein í kafla 4.

²⁰ Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu, vaktavinnu, og yfirvinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri vinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera ekki fullvinnandi.

reglulegra launa eða heildarlauna, sjá mynd 3.7.²¹ Meðaltal heildarlauna var 9% hærra hjá ríkinu en á almennum markaði þar sem þau voru næst hæst og 23% hærri en hjá sveitarfélögunum þar sem þau voru lægst. Meðallaun í fyrra voru svipuð hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Dreifing launa á almenna markaðnum er meiri en hjá hinu opinbera sem endurspeglast t.a.m. í því að þar er mestur munur á meðaltali og miðgildi (50%) launa hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða heildarlauna. Mest er dreifing grunnlauna á almennum markaði þar sem meðaltalið er 18,1% hærra en miðgildi launa.

Mynd 3.7. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Dreifingu launa má einnig skoða með svokölluðum tíundastuðlum sem segja til um hlutfallið á milli efstu (90%) og neðstu launatíunda (10%). Tíundastuðlar eru hæstir á almennum markaði hvort sem horft er til grunnlauna, reglulegra launa eða heildarlauna. Við þennan samanburð ber að hafa í huga að samsetning starfa er nokkuð ólík milli markaða og fjölbreytni starfa á almennum markaði meiri en hjá ríki og sveitarfélögum. Vægi almenna markaðarins er t.a.m. langmest, í vísitölu

²¹ Í viðauka II eru launahugtökin skilgreind.

grunntímakaups, eða 72%. Tíundastuðull heildarlauna á almenna markaðnum var 2,53 á árinu 2023 sem þýðir að efstu tíundamörkin (90%) eru 153% hærri en neðstu tíundamörkin (10%), sjá töflu 3.1, sem skýrist einkum af því að mikill hlutfallslegur munur er á efstu tíundarmörkum í hlutfalli við miðgildi á almennum markaði en munurinn á neðstu tíundarmörkum og miðgildi launa er ekki meiri á almenna markaðnum en á hinum opinbera.

Tafla 3.1. Tíundastuðull launa eftir mörkuðum árið 2023.

	Alls	Almennur markaður	Ríki	Reykjavíkurborg	Sveitarfélög án RVK
Grunnlaun	2,58	2,97	2,14	1,68	1,76
Regluleg laun	2,33	2,58	2,00	1,84	1,91
Regluleg heildarlaun	2,42	2,53	2,31	1,88	1,99


Launadreifingin var næstmest hjá ríkinu árið 2023 þar sem tíundastuðull heildarlauna var 2,31 sem þýðir að efstu tíundarmörk heildarlauna eru 131% hærri en neðstu tíundarmörk. Launadreifingin var næst minnst hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavík þar sem efstu tíundarmörk heildarlauna eru 99% hærri en neðstu tíundarmörk og minnst hjá Reykjavíkurborg þar sem munurinn er 88%.

3.6. Samsetning launa fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Heildarlaun eru samsett úr grunnlaunum, launaaukum, yfirvinnugreiðslum og óreglulegum launaaukum, sjá nánari skilgreiningar í viðauka II. Við samanburð á samsetningu launa hjá fullvinnandi launafólki má sjá að vægi grunnlauna í heildarlaunum árið 2023 var mest hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, 84%, en minnst hjá ríkinu, 75%.

Launaaukar, en þar vegur vaktaálag þyngst, voru á bilinu 6% til 9% af heildarlaunum, mest hjá Reykjavíkurborg en minnst hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar, sjá mynd 3.8. Yfirvinnugreiðslur eru umfangsmestar hjá ríki, 11% af heildarlaunum, en hafa minnst vægi hjá sveitarfélögum, eða um 4%. Óreglulegir launaaukar, greiðslur sem ekki eru gerðar upp í hverjum mánuði, eru 7% af heildarlaunum á vinnumarkaðnum alls.


Mynd 3.8. Samsetning heildarlauna fullvinnandi árið 2023 eftir mörkuðum, meðaltal mánaðarlauna í þúsundum króna.



Þegar samsetning launa er borin saman eftir heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum má sjá að vægi grunnlauna var árið 2023 hlutfallslega mest hjá félagsmönnum aðildarfélaga BHM á almenna markaðnum, 93,4%, en minnst hjá BSRB á almenna markaðnum, 62,7%, sjá mynd 3.9. Launaaukar vega þyngst hjá BSRB á almennum markaði en minnst hjá félagsmönnum KÍ sem starfa hjá ríkinu þar sem nánast enginn munur er á meðaltali grunnlauna og reglulegra launa en yfirvinnugreiðslur vega hins vegar mest í heildarlaunum hjá þessum hópi, eða 20,1%. Yfirvinnugreiðslur hafa minnst vægi í heildarlaunum hjá félagsmönnum innan BHM sem starfa hjá Reykjavíkurborg, eða 0,7%.

Við samanburð á reglulegum launum á milli markaða og heildarsamtaka er gott að hafa í huga að í þeim störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða greidd föst yfirvinna, er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum.

Mynd 3.9. Samsetning heildarlauna fullvinnandi árið 2023 eftir heildarsamtökum og mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



4. Kjarasamningar

4.1. Samantekt

Nýir kjarasamningar voru undirritaðir í fyrri hluta marsmánaðar 2024 fyrir meginþorra launafólks á almennum markaði með gildistíma frá 1. febrúar 2024 til janúarloka 2028 og var aftur farin blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana. Meginmarkmið samninganna er að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Í kjarasamningum verkafólks (SGS og Efling) við SA var samið um árlegar hækkanir virkra kauptaxta á bilinu 23.750 - 26.773 krónur. Í samningum verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) og félaga iðn- og tæknigreina við SA var samið um 3,25% - 3,5% almenna launahækkun árlega eða að lágmarki 23.750 krónur. Að auki er í samningum ASÍ félaga og SA kveðið á um að hækkun viðmiðunartaxta verði ekki minni en hækkun launavísitölu og viðbótarhækkanir ef framleiðni eykst umfram ákveðin mörk. Þá var samið um lengingu orlofs auk ýmissa sértækra þátta fyrir tiltekna hópa. Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og efndir á aðgerðum í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin var í tengslum við samningana.

Í yfirlýsingunni eru settar fram aðgerðir til næstu fjögurra ára til stuðning kjarasamningum sem snúa einkum að úrbótum í húsnæðismálum, húsnæðisstuðningi og auknum stuðningi við barnafjölskyldur m.a. í gegnum barnabætur, hækkun fæðingarorlofsgreiðslna og gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Þá munu gjaldskrár ríkisins ekki hækka umfram 2,5% á árinu 2025 og sveitarfélög lýsa yfir vilja til að endurskoða gjaldskrárhækkanir ársins 2024 hafi þær verði umfram 3,5%.

Nokkur aðildarfélög í BSRB hafa undirritað kjarasamninga við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samningarnir eru til fjögurra ára og á sambærilegum nótum og á almenna markaðnum. Samningarnir voru til kynningar og atkvæðagreiðslu við ritun skýrslu KTN. Samningum annarra hópa á opinbera markaðnum er enn ólokið.

4.2. Helstu atriði kjarasamninga 2024

Samtök atvinnulífsins

Nýir kjarasamningar fyrir meginþorra launafólks á almennum markaði voru undirritaðir í fyrri hluta marsmánaðar 2024. Samningarnir gilda frá 1. febrúar 2024 til janúarloka 2028. Meginmarkmið samninganna er að stuðla lækkun verðbólgu og vaxta, auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Í nýjum kjarasamningum SGS og Eflingar við SA var samið um árlega 23.750 til 26.773 króna hækkun kauptaxta miðað við virka launaflokka Eflingar og SGS sem náðu frá 402 þúsundum krónum til 453 þúsund króna. Virkir kauptaxtar SGS og Eflingar hækkuðu þannig um 5,9% frá 1. febrúar 2024 og hækka um 5,6%, 5,3% og 5% í upphafi árs 2025, 2026 og 2027. Almenn hækkun mánaðarlauna utan taxta, þ.e. þeirra sem fá greidd laun umfram taxta, var 3,25% en að lágmarki 23.750 krónu 1. febrúar 2024 og verður 3,5% en að lágmarki 23.750 krónur árlega frá 1. janúar 2025 - 2027. ASÍ og SA áætla að meðal félagsmanna SGS og Eflingar séu tæplega 58% á taxtalaunum og aðrir á launum umfram taxta. Eins og fjallað er nánar um í kafla 3 voru grunnlaun á samningssviði SA við SGS og Eflingu að meðaltali 484 þúsund krónur árið 2023 og 90% félagsmanna voru með grunnlaun undir 618 þúsund krónum en grunnlaun eru þau laun sem alla jafna er samið um í kjarasamningum hvort sem er með hækkunum taxta eða almennum hækkunum.

Í samningum VR, LÍV og félaga iðn- og tæknigreina við SA var samið um sömu almennu hækkunir og í samningum verkafólks, 3,25% - 3,5% en að lágmarki 23.750 krónur og hækkuðu kauptaxtar því hlutfallslega meira. Taxtahækkunir í samningum verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) voru á bilinu 5,4% til 5,9% frá 1. febrúar 2024 og taxtar hækka um 5,1% - 5,6% árið 2025, 4,9% - 5,3% árið 2026 og 4,6% - 5% árið 2027. Kauptaxtar iðn- og tæknifélaganna upp að 590.525 krónum hækkuðu um 5,4% þann 1. febrúar 2024 en hærri taxtar tóku almennri hækkun og taxtar fyrir nema hækkuðu um 4,4%. Kauptaxtar sem voru undir 590.525 kr. áður en samið var hækka svo um, 5,1%, 4,9% og 4,6% þann 1. janúar 2025, 2026 og 2027 og nemataxtar um 4,2%, 4,1% og 3,9%.

Hæsti taxti VR/LÍV var um 462 þúsund krónur og byrjunarlaun algengasta sveinataxta iðn- og tæknifólks 536 þúsund krónur áður en kjarasamningar voru undirritaðir í mars. Af fullvinnandi félagsmönnum VR og LÍV voru 23% með laun innan taxtakerfisins og 12% iðnaðarfólks með laun jöfn eða lægri en hæsti sveinataxtinn.

Tafla 4.1. *Launabreytingar í kjarasamningum 2024 á almennum vinnumarkaði.*

Dagsetning	Hlutfallshækkun	Lágmarkshækkun krónur
1. febrúar 2024	3,25%	23.750
1. janúar 2025	3,50%	23.750
1. janúar 2026	3,50%	23.750
1. janúar 2027	3,50%	23.750

Þá var í samningum á almennum markaði einnig samið um aukin orlofsréttindi sem taka gildi í skrefum á samningstímanum auk ýmissa sértækra þátta fyrir tiltekna hópa. Má þar til að mynda nefna viðbótarlaunahækkunir til ræstingarfólks innan SGS og Eflingar, vaktaálög í samningi SGS og Eflingar vegna veitinga-, gisti-,

þjónustu- og greiðasölastaða, afþreyingarfyrirtækja og hliðstæðrar starfsemi. Í kjarasamningum félaga iðn- og tæknifólks var samið um breytingu á tímaviðmiði yfirvinnu og í samningum Matvís og Grafíu voru gerðar breytingar á ákvæðum um vaktaálög.

Kjarasamningur SFS við Sjómannasambands Íslands SSÍ og VM – Félag Vélstjóra og málmtæknimanna

Nýr kjarasamningur Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og VM - Félags vélstjóra og málmtæknimanna við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi var undirritaður í febrúar sl. en þá höfðu samningar sjómanna verið lausir í frá því í desember 2019. Fyrri samningur aðila sem undirritaður var til 10 ára í febrúar 2023 var felldur í atkvæðagreiðslu og voru viðræður teknar upp að nýju í kjölfarið. Nýr samningur er bundinn til 5 ára með möguleika á uppsögn eftir 5 ár og 7 ár en gildir ella til ársins 2033.

Samningurinn kveður á um að kauptrygging og kaupliðir hækki í samræmi við laun á almennum vinnumarkaði, frá því samningar runnu út 1. desember 2019 og taki svo sömu hækkunum og laun landverkafólks á samningstímanum. Vinnutími sjómanna er stytur þegar unnið í landi á móti kauptryggingu þannig að vinnuskylda fer úr 40 klst. á viku í 36 klst.

Samningar sjómanna eru talsvert frábrugðnir öðrum kjarasamningum á vinnumarkaði hvað varðar ákvæði um kauptryggingu og skiptahlut sem tekið hefur mið af aflaverðmæti á sérstöku skiptaverði og olíuverði á heimsmarkaði. Í nýjum samningum var gerð sú breyting að olíuverðsviðmið var felld burt og skipt verður út frá heildarverðmæti aflans.

Einnig voru ákvæði um veikinda- og slysarétt styrkt og skýrð auk þess sem samið var um greiðslu desemberuppbótar.

Þá var framlag í lífeyrissjóð hækkað um 3,5 prósentustig, þ.e. úr 12,0% í 15,5% til samræmis við aðra á vinnumarkaði en almennt gera lög um skyldutryggingu lífeyrissjóðs ráð fyrir 15,5% iðgjaldi þó með þeirri undantekningu að heimilt er miða við hlutfallstöluna 12%, sé hún viðmið gildandi kjarasamnings þar til samkomulag hefur náðst á milli aðila og nýr kjarasamningur öðlast gildi. Samningar sjómanna gera ráð fyrir því að sjómenn hafi val um það annars vegar að fá 3,5% viðbótarframlag frá atvinnurekenda í lífeyrissjóð eða hækkun á skiptaverði.

Kauptaxtaauki og framleiðniauki

Í nýgerðum kjarasamningum stéttarfélaganna innan ASÍ við SA er kveðið á um greiðslu svonefnds kauptaxtaauka ef kauptaxtar hækka minna en almenn hækkun launavísitölu á samningstímanum. Kauptaxtaaukinn er útfærður þannig að hækki launavísitala fyrir almennan vinnumarkað meira en kauptaxtar SGS/Eflingar skulu kauptaxtar hækka aukalega á árunum 2025 - 2027.

Í samningunum var einnig samið um svokallaðan framleiðniauka sem virkjust vaxi framleiðni umfram 2% árlega árin 2024 - 2026 og greiðist þá stigvaxandi framleiðniauki í formi hlutfallshækkunar launa árin 2026 og 2027. Til viðbótar við árlegan framleiðnivöxt umfram 2% þarf uppsafnaður hagvöxtur frá 2023 að vera jákvæður og uppsöfnuð framleiðniaukning að mæta viðmiðum.

Launa- og forsendunefnd samningsaðila úrskurðar um kauptaxtaauka og ákvarðar framleiðniauka verði tilefni til greiðslu hans.

Forsenduákvæði

Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og efndir á aðgerðum í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin var út í tengslum við samningana. Forsendunefnd skipuð fulltrúum félaga innan ASÍ og SA skal í september 2025 og 2026 leggja formlegt mat á forsendur og eftir atvikum semja um viðbrögð við forsendubresti. Náist slíkt samkomulag ekki er heimilt að segja samningnum upp eigi síðar en 8. október 2025 og 2026 og fellur hann þá úr gildi 31. október sama ár.

Forsendur samnings teljast hafa staðist ef 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 er 4,95% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á tímabilinu frá mars - ágúst 2025 verður 4,7% eða lægri miðað við árshraða. Þá skulu lagabreytingar sem heitið er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samningana hafa náð fram að ganga. Í september 2025 teljast forsendur standast ef 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 er 4,7% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó standast ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars - ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða.

Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og efndir á aðgerðum í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin var út í tengslum við samningana. Forsendunefnd skipuð fulltrúum félaga innan ASÍ og SA skal í september 2025 og 2026 leggja formlegt mat á forsendur og eftir atvikum semja um viðbrögð við forsendubresti. Náist slíkt samkomulag ekki er heimilt að segja samningnum upp eigi síðar en 8. október 2025 og 2026 og fellur hann þá úr gildi 31. október sama ár.

Forsendur samnings teljast hafa staðist ef 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 er 4,95% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á

tímabilinu frá mars - ágúst 2025 verður 4,7% eða lægri miðað við ársbreytingu 6 mánaða. Þá skulu lagabreytingar sem heitið er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samningana hafa náð fram að ganga. Í september 2025 teljast forsendur standast ef 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 er 4,7% eða lægri. Forsenda um verðlag telst þó standast ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars - ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða.

Ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg

Þann 12. og 13. júní 2024 undirrituðu nokkur af aðildarfélögum innan BSRB kjarasamninga, Sameyki við ríki og Reykjavíkurborg, Kjölur ásamt tíu öðrum stéttarfélögum við Samband íslenskra sveitarfélaga, Kjölur ásamt sex öðrum stéttarfélögum við ríki og Landssamband lögreglumanna við ríki. Samningarnir eru til fjögurra ára og á sambærilegum nótum og á almenna markaðnum í vor. Samningarnir voru til kynningar og atkvæðagreiðslu við ritun skýrslu KTN.

Jöfnun launa á milli markaða

Ríki og sveitarfélög og heildarsamtök launafólks á opinberum vinnu- markaði (BSRB, BHM ,og KÍ) gerðu árið 2016 samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna með það að markmiði að lífeyriskerfið verði sjálfbært og unnið yrði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er. Í 7. gr. samkomulagsins segir að vinna þurfi sérstaklega að því að jafna laun einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar og skuli það gert á 6-10 árum með útfærslu í kjarasamningum. Ennfremur segir í greininni að mikilvægt sé að ekki sé kerfislægur og ómálefnalegur launamunur á milli markaða.

Til undirbúnings þeirri vinnu skipaði fjármála- og efnahagsráðherra nefnd vorið 2017 sem var falið það verkefni að fara yfir og meta tölfræðigögn og aðferðir sem liggja þurfi til grundvallar jöfnun launa milli markaða. Skýrsla nefndarinnar kom út í febrúar 2018. Í kjölfarið tók til starfa samráðshópur í samræmi við ákvæði 7. gr. samkomulagsins sem er ætlað að setja fram tillögur að áætlun um hvernig markmiðum um jöfnun launa skuli náð með útfærslu í kjarasamningum á 6-10 árum.

Í aðdraganda kjarasamninga á opinberum markaði í mars 2023 gerðu aðilar samkomulagsins frá 2016 áfangasamkomulag um leiðréttingu launa ákveðinna starfsheita í heilbrigðisgeira og menntastofnunum sem sinna kennslu sem greiningar sýndu að búi við skýrustu vísbendingar um ómálefnalegan og kerfisbundin launamun milli markaða. Einnig var undirrituð viljayfirlýsing um að forsendur áfangasamkomulagsins skyldu gilda um tiltekinn hóp hjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þetta fyrsta skref

Í átt að jöfnun launa milli markaða fólst einkum í því að samræma laun umræddra starfsstétta innan ríkisins, gera lagfæringar á mati starfanna í starfsmati sveitarfélaga og hækka regluleg laun tilgreindra starfsheita í leik- og grunnskólum.

Í aðdraganda kjarasamninga á opinberum markaði vorið 2024 var gert annað áfangasamkomulag, að þessu sinni um leiðréttingu launa fagmenntaðra einkeypsstétta²² með sérstakri áherslu á störf í framlínu og störf sem erfitt er að manna. Þar er meginmarkmiðið að halda áfram leiðréttingu þar sem frá var horfið við framkvæmd fyrri áfangasamkomulagsins. Aðilar að þessu seinna áfangasamkomulagi eru launagreiðendur á opinberum vinnumarkaði, BSRB og BHM.

Yfirlýsing stjórnvalda

Til að greiða fyrir langtíma kjarasamningum lögðu ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga fram yfirlýsingu um aðgerðir til næstu fjögurra ára til stuðnings sameiginlegum markmiðum samningsaðila um aukinn kaupmátt og lækkun verðbólgu og vaxta á samningstímanum²³. Aðgerðirnar fela meðal annars í sér úrbætur í húsnæðismálum, húsnæðisstuðning, aukinn stuðning við barnafjölskyldur, aðgerðir til að stuðla að verðstöðugleika og auknu launajafnrétti.

Framboð íbúðarhúsnæðis verður aukið m.a. með fjölgun íbúða í almenna íbúðarkerfinu og hlutdeildarlánnum og húsnæðisstuðningur eflur með sérstökum vaxtastuðningi til heimila með íbúðalán og hækkun húsnæðisbóta til leigjenda á árinu 2024. Þá verða gerðar breytingar á húsaleigulögum með það að marki að tryggja skýrari ramma um ákvörðun og fyrirsjáanleika leigufjárhæðar. Létta á vaxtabyrði námslána og stefnt að afnámi ábyrgðarmannakerfis námslána.

Stuðningur við barnafjölskyldur verður aukinn með hækkun barnabóta og minni tekjuskerðingum sem tryggir að stuðningurinn nær til fleiri barnafjölskyldna og skólamáltíðir grunnskólabarna verða gjaldfrjálsar frá haustinu 2024. Þá hækka hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði í áföngum á næstu tveimur árum og unnið verður að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla á samningstímanum.

Gjaldskrár ríkis munu almennt ekki hækka umfram 2,5% á árinu 2025 og sveitarfélögin lýsa yfir vilja til að hækka ekki gjaldskrár árið 2024 umfram 3,5% og munu endurskoða gjaldskrár ársins hafi þær hækkað meira. Einnig á nýtt virðismatskerfi starfa, sem stuðla á að launajafnrétti, að liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2026. Þá verður hámarksábyrgð úr Ábyrgðasjóði launa hækkuð í áföngum, framlög til Vinnustaðanámssjóðs aukin og dregið úr kostnaði þeirra sem sækja þurfa heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð.

²² Stéttir þar sem viðsemjandi er aðeins einn. Samanburður milli markaða er því vandkvæðum bundinn.

²³ Stuðningur ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024

4.3. Fjöldi samninga og fjöldi á kjörskrá

Alls voru tæplega 300 kjarasamningar í síðustu kjarasamningslotu sem telst vera frá nóvember 2022 til janúar 2024, sjá nánar í töflu 4.2. og var félagsfólk á kjörskrá stéttarfélaganna rúmlega 170 þúsund, sjá nánari í töflu 4.3. Mestu munur þar um 79 samninga aðildarfélaganna ASÍ við Samtök atvinnulífsins þar sem 106 þúsund voru á kjörskrá.

Tafla 4.2. Fjöldi samþykkrá kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í síðustu samningalotu (2022 - 2024).

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	79	4	13	1	13	110
Ríki	7	24	17	1	14	63
Reykjavíkurborg	3	10	2	-	4	19
Sveitarfélög	23	12	19	5	5	64
Aðrir aðilar	15	9	6	6	1	37
Samtals	127	59	57	13	35	293

Skýringar: Fjöldi kjarasamninga er í einhverjum tilvikum vanmetinn. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.

Tafla 4.3. Fjöldi á kjörskrá samninga eftir heildarsamtökum og launagreiðendum í síðustu samningalotu (2022 - 2024).

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	105.600	0-100	1.600	300	7.100	114.600
Ríki	1.500	7.700	8.000	1.500	4.600	23.300
Reykjavíkurborg	2.100	1.000	5.200	-	100	8.400
Sveitarfélög	6.300	2.300	7.400	9.000	200	25.200
Aðrir aðilar	5.400	300	1.400	400	400	7.900
Samtals	120.900	11.300	23.600	11.200	12.300	179.400

Skýringar: Tölur hafa verið námundaðar að heilum hundrad. Fjöldi á kjörskrá er vanmetinn í einhverjum tilvikum. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.

Tafla 4.4. Fjöldi samþykkrá kjarasamninga og fjöldi á kjörskrá eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í núverandi samningalotu (2024-2028).

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildarsamtaka	Samtals
Fjöldi samninga	54	1	4	0	6	65
Fjöldi á kjörskrá	105.000	0-100	1.200	0	7.200	113.400

Skýringar: Fjöldi kjarasamninga er í einhverjum tilvikum vanmetinn. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.


5. Laun eftir heildarsamtökum

5.1. Inngangur


Í kaflanum eru upplýsingar um fjölda á kjörskrár í samþykktum samningum í nýliðinni kjarasamningslotu, dreifingu launa (grunnlaun, regluleg laun og heildarlaun fullvinnandi) árið 2023 eftir mörkuðum, samsetningu heildarlauna fullvinnandi árið 2023 eftir mörkuðum auk þess sem gerð er grein fyrir breytingu grunntímakaups á nýliðnu kjarasamningstímabili nóvember 2022 til janúar 2024. Upplýsingar eru settar fram fyrir ASÍ auk verkafólks (SGS), verzlunar- og skrifstofufólks (LÍV) og iðnfélaga innan ASÍ BHM, BSRB, og KÍ.

5.2. ASÍ


Mynd 5.1. Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum ASÍ í kjarasamningslotunni nóvember 2022 til janúar 2024.




Mynd 5.2. Dreifing grunnauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá ASÍ árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.3. Dreifing grunnauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.4. Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá ASÍ árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Tafla 5.1. Breyting grunntímakaups hjá launafólki í ASÍ frá nóvember 2022 til janúar 2024 eftir mörkuðum.


Hópur	Markaður	Alls	Karlar	Konur
Alls	Almennur markaður	11,0%	10,6%	11,7%
Iðnfélög	Almennur markaður	10,4%	10,4%	11,3%
LÍV	Almennur markaður	10,5%	10,2%	10,8%
SGS	Almennur markaður	11,2%	11,3%	11,1%
Alls	Ríki	11,6%	10,4%	12,4%
Alls	Reykjavíkurborg	10,3%	9,8%	10,4%
Alls	Sveitarfélög utan RVK	12,6%	11,1%	13,2%

5.3. BHM


Mynd 5.5. Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum BHM í kjarasamningslotunni nóvember 2022 til janúar 2024.




Mynd 5.6. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá BHM árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.7. Dreifing grunnauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BHM árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.8. Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BHM árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.




Tafla 5.2. *Breyting grunntímakaups hjá launafólki í BHM frá nóvember 2022 til janúar 2024 eftir mörkuðum.*


Markaður	Alls	Karlar	Konur
Almennur markaður	11,2%	10,7%	11,6%
Ríki	9,6%	9,4%	9,8%
Reykjavíkurborg	9,5%	8,9%	9,7%
Sveitarfélög utan RVK	10,2%	9,3%	10,6%

5.4. BSRB


Mynd 5.9. Fjöldi á kjörskrár í samþykktum samningum BSRB í kjarasamningslotunni nóvember 2022 til janúar 2024.




Mynd 5.10. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá BSRB árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.11. Dreifing grunnlauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BSRB árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.12. Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá BSRB árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.




Tafla 5.3. Breyting grunntímakaups hjá launafólki í BSRB frá nóvember 2022 til janúar 2024, eftir mörkuðum.


Markaður	Alls	Karlar	Konur
Almennur markaður	12,9%	13,4%	11,9%
Ríki	11,1%	11,1%	11,2%
Reykjavíkurborg	10,0%	10,2%	9,8%
Sveitarfélög utan RVK	11,9%	11,5%	12,1%

5.5. KÍ


Mynd 5.13. Fjöldi á kjörskrá í samþykktum samningum KÍ í kjarasamningslotunni nóvember 2022 til janúar 2024.




Mynd 5.14. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá KÍ árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.15. Dreifing grunnlauna og heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá KÍ árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Mynd 5.16. Samsetning heildarlauna fyrir fullvinnandi karla og konur hjá KÍ árið 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þúsundum króna.



Tafla 5.4. Breyting grunntímakaups hjá launafólki í KÍ frá nóvember 2022 til janúar 2024 eftir mörkuðum.

Markaður	Alls	Karlar	Konur
Ríki	10,1%	10,2%	10,0%
Reykjavíkurborg	11,8%	11,4%	11,8%
Sveitarfélög utan RVK	11,4%	10,4%	11,6%

Viðauki I

Gögn um laun og launaþróun

Kjaratölfræðinefnd byggir umfjöllun sína á sérvinnslu launagagna þar sem tekið er mið að aðferðum og skilgreiningum Hagstofunnar við gerð opinberrar launatölfræði. Sem fyrr miðast þó launabreytingar við grunntímakaup, Hagstofa Íslands gefur út vísitölu grunnlauna sem er sambærileg en launavísitala Hagstofunnar byggir á reglulegu tímakaupi. Gögn yfir launastig taka einungis til fullvinnandi en launaþróun tekur til launaupplýsinga fullvinnandi og í hlutastarfi. Nefndin birtir sundurliðun eftir samtökum og vinnumörkuðum sem er meira niðurbrot en í opinberri launatölfræði. Þessar áherslur eru í samræmi við það meginhlutverk nefndarinnar að styðja aðila vinnumarkaðarins við undirbúning kjarasamninga og mat á áhrifum þeirra.

Vinnumarkaðnum er skipt í fernt: Almennan markað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru sýndar fyrir fjögur heildarsamtök launafólks á hverjum þessara markaða; Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasamband Íslands (KÍ). Niðurstöður um Alþýðusamband Íslands á almennum vinnumarkaði nær til félagsfólk innan Starfsgreinasambandsins (SGS), Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og félagsfólk stéttarfélaganna iðnaðarmanna innan ASÍ (ASÍ-iðnfélög). ASÍ-iðnfélög eru samböndin og félögin Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og MATVÍS. Jafnframt eru birtar niðurstöður fyrir þessa þrjá stóru hópa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. SGS, LÍV og ASÍ-iðnfélög.

Meginviðsemjendur stéttarfélaganna eru Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarfélaganna (Sveitarfélög utan Rvk.), Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins (Ríki). Aðildarfélag ASÍ, BSRB, BHM og KÍ gera kjarasamninga við alla fulltrúa launagreiðenda, en vægi þeirra er mjög mismunandi. Í skýrslunni eru ekki birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarfélaganna KÍ á almennum vinnumarkaði, en þeir eru fáir og er ekki að finna í launagögnum Hagstofu Íslands. Þá nær gagnasafnið ekki heldur til sjómanna. Launagögn byggja á launarannsókn Hagstofunnar þar sem upplýsingum er safnað mánaðarlega með úrtaki fyrirtækja, sveitarfélaganna og stofnana með tíu eða fleira starfsfólk. Rannsóknin nær til stærsta hluta vinnumarkaðar, eða um 85% af heildarfjölda launafólks, þó enn séu atvinnugreinar utan rannsóknar. Nánari upplýsingar um rannsóknin má finna hér (sjá bls. 11-22).

Gögn Hagstofu Íslands ná þannig einnig til félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Kjaratölfræðinefnd er skipuð stærstu samningsaðilum vinnumarkaðar sem endurspeglar umfjöllunina. Gögn fyrir alla hópa, einnig þá sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarféлага, eru birt á vef Kjaratölfræðinefndar (<https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>).

Viðauki II

Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án launaauka. Grunntímakaup eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án launaauka.

Í þeim tilfellum sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum, þar sem ekki er haldið utan um yfirvinnugreiðslur eða aðrar launagreiðslur í slíkum samningum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldar í þessum launum eru hvers konar launaaukar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerð er upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er hvorki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa þarf að hafa í huga að í störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilfellum sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegu launum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Hugtakið Launaauki er nýskilgreining Kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmest í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álag og bónusar

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjors vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættu uppgjori vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.